

1993. – 1063 ár frá stofnun Alþingis.
117. löggjafarþing. – 251. mál.

411. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn vill í upphafi átelja þau vinnubrögð sem núverandi ríkisstjórn hefur nánast gert að reglu og felast í því að leggja flest mál fyrir þingið í formi bandorma þar sem ægir saman ákvæðum úr mörgum mismunandi lögum. Þetta frumvarp er þar engin undantekning því þar er vafið saman í einn gorm ákvæðum til breytinga á eftirtöldum lögum:

- lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
- lögum um virðisaukaskatt,
- lögum um tryggingagjald,
- lögum um bifreiðagjald,
- lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.,
- tollalögum,
- lögum um vörugjald.

Engin haldbær skýring hefur verið gefin á þessum vinnubrögðum og má því ljóst vera að ef slíkur sóðaskapur við framlagningu mála líðst óátalinn og festist í sessi þegar ekkert sérstakt kallar á að menn stytti sér leið er illa farið.

Efni frumvarps þessa og ýmsar aðrar breytingar, sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir í skattamálum, endurspeglar ótrúlegar þverstæður í málflutningi og framgöngu.

Stjórnarflokkarnir lofuðu eins og kunnugt er skattalækkunum fyrir síðustu kosningar. Útkoman er skattahækkun í heild en þó fyrst og fremst gífurleg tilfærsla skattbyrði yfir á launafólk. Nemur þessi tilfærsla og auknu álögur á almenning samtals a.m.k. 5–6 þús. millj. kr.

Ýmis svið sem áður var skilningur á að hlífa við skattlagningu, svo sem menningu og almenningsamgöngum, eru nú eða verða skattlögð. Á sama tíma er því svo enn dregið á dreif að skattleggja fjármagnstekjur og hin eiginlegu gróðaöfl.

Annáll skattkerfisbreytinga og kostnaðarhækkana í tíð ríkisstjórnar Davíð Oddssonar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 30. apríl 1991 segir m.a. að stjórnin ætli að „bæta líf skjör, m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu og barnafjölskyldum að gagni“.

Fátt er fjær sanni. Ef litið er lauslega yfir það sem gerst hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar í skatta- og ríkisfjármálum, þar með talið gjaldtöku ýmiss konar, kemur eftirfarandi í ljós:

1. Barnabætur hafa verið lækkaðar um nálægt 600 millj. kr.
2. Sjómannafrádráttur hefur verið lækkaður.
3. Endurgreiðsla tannlæknakostnaðar barnafjölskyldna hefur verið lækkuð.

4. Ýmiss konar gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu, komugjöld, gjöld fyrir sérfræðipjónustu o.fl. hafa verið lögð á.
5. Þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði hefur verið stóraukin.
6. Skólagjöld hafa verið lögð á.
7. Vextir hafa verið settir á námslán og þau skert verulega.
8. Tekjuskattar einstaklinga hafa verið hækkaðir um 1,5%, almennt hlutfall, og 5% lögð í viðbót á tekjur yfir 200 þús. kr. á mánuði.
9. Persónufrádráttur hefur verið skertur og ekki verið framreiknaður að fullu miðað við verðlagsþróun. Skattfrelismörk hafa þannig lækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar, eða um 5–6 þús. kr. á mánuði. Þau voru framreiknuð nálægt 63 þús. kr. fyrri hluta árs 1991 en stefna nú niður í um 57 þús. kr.
10. Tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður úr 45% í 39% á þessu ári.
11. Aðstöðugjald fyrirtækja hrefur verið fellt niður.
12. Bifreiðagjöld, bensíngjald og þungaskattar hafa verið hækkuð verulega.
13. Virðisaukaskattur upp á 14% hefur verið lagður á húshitun, afnotagjöld, bækur, blöð og tímarit.
14. Þessu til viðbótar má nefna að kostnaði vegna launagreiðslna við gjaldþrot fyrirtækja var velt yfir á atvinnulífið með stofnun ábyrgðarsjóðs launa og sveitarfélögin voru einhliða skylduð til að greiða 600 millj. kr. í ríkissjóð, fyrst sem svokallaðan lögguskiatt, en nú í formi framlags til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Það sem fram undan er nú um áramótin er svo enn frekari hækkun tekjuskatts einstaklinga en um leið og 1,5 prósentustig flytjast úr tekjuskatti yfir í útsvar til að mæta tekjutapi sveitarfélaganna vegna niðurfellingar aðstöðugjalds á að hækka almenna tekjuskattsprósentu um 0,35% og reyndar einnig að lyfta útsvarspakinu um 0,2% í viðbót. Samanlögð skattprósenta einstaklinga á næsta ári getur því orðið hvorki meira né minna en 41,9%, en var 39,85% þegar stjórnin tók við.

Um síðustu áramót var ákveðið að skerða vaxtabætur um 400 millj. kr. og mun það nú koma til framkvæmda á árinu 1994. Í 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á framkvæmd þessarar skerðingar en skammur tími hefur gefist til að skoða áhrif þeirra og þar sem þær eiga ekki að gilda fyrr en á árinu 1995 styður 3. minni hluti að þeim verði frestað og þær skoðaðar betur. Alþýðubandalagið er algerlega andvígt skerðingu vaxtabóta og telur hana hrein svik við fólk sem treyst hefur á óbreyttan stuðning frá hinu opinbera við húsnæðisskuldbindingar.

Þá kemur til framkvæmda nú um áramótin 14% virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, þar með talið á almenningssamgöngur. Bifreiðagjöld hækka enn frekar, tryggingagjald um 0,31% o.fl.

Í fjárlagafrumvarpinu og í bandormi sem inniheldur ýmsar svokallaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum er og að finna ýmsar íþyngjandi ráðstafanir, svo sem sérstakan skatt á áfengissjúklinga, frekari skólagjöld o.fl.

Almennt um afstöðu til frumvarpsins.

Hér eru ekki efni til að fara ítarlega út í einstaka liði í skatta- og ríkisfjármálabandormum stjórnarinnar og því látið duga að gera grein fyrir afstöðu 3. minni hluta til aðalatriðanna.

Það hefur verið afstaða Alþýðubandalagsins að rétt væri að beita lægri eða engri skattlagningu á matvæli og brýnar lífsnauðsynjar sem tæki til tekjujöfnunar ásamt með sér-

stöku skattþrepi á hærri tekjur og fleiri slíkum tekjujafnandi aðgerðum. Alþýðubandalagið hefur gegnum tíðina beitt sér fyrir lífskjarajöfnun, m.a. með slíkum ráðstöfunum og má í því sambandi minna á að árið 1978 í stjórnartíð Alþýðubandalagsins var söluskattur felldur niður af matvælum. Árið 1987 barðist Alþýðubandalagið hart gegn upptöku matarskattsins og beitti sér svo fyrir því í stjórnartíð sinni á árunum 1988–1991 að niðurgreiðslur á helstu matvörur voru auknar svo að það jafngilti lægra skattþrepi. Alþýðubandalagið mun því styðja nú þá grundvallarákvörðun að matarskatturinn verði lækkaður í 14%, en ábyrgð af undirbúningi og framkvæmd er að sjálfsögðu ríkisstjórnarinnar sem bauð þetta fram í tengslum við kjarasamninga. 3. minni hluta er vel ljóst að ýmsar aðrar aðferðir, svo sem beinar tilfærslur, geta skilað sambærilegum eða jafnvel meiri tekjujöfnunaráhrifum til afmarkaðra hópa en breytingu af þessu tagi má ekki skoða einangrað og einnig vakna spurningar um varanleika aðgerða af því tagi að hækka barnabætur og því um líkt. Síst er núverandi ríkisstjórn treystandi í þessum efnum eins og dæmin sanna. Með þeim breytingartillögum, sem 3. minni hluti leggur til samhliða lægra skattþrepi í virðisaukaskatti fyrir matvæli, þ.e. að hækka jafnframt persónufrádrátt og um leið hátekjuskattþrepið um 3 prósentustig, mun breytingin í heild fyrst og fremst ívilna stærri og tekjulægri fjölskyldunum. Mat á öllum slíkum aðgerðum er vandasamt og upplýsingar sumpart ónógar eða gamlar, sbr. það að byggt er á neyslukönnun frá 1990 en síðan hafa orðið miklar breytingar og kaupmáttur ráðstöfunartekna fallið verulega. Það er því ekkert óeðlilegt að mismunandi skoðanir komi fram gagnvart aðgerðum af þessu tagi eins og glögg endurspeglast í umsögnum samtaka launafólks. BSRB og BHM hafa talsvert annað mat á því hvaða leiðir séu vænlegastar og vísast í það til umsagna þeirra sem birtar eru sem fylgiskjöl ásamt gögnum frá ASÍ.

Alþýðubandalagið er andvígt upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og þá ekki síst á almenningsamgöngur og leggur til að frá því verði horfið. Ljóst er að ferðaþjónustan er einn álitlegasti vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi og hefur á undanförunum árum skilað stórauðnum gjaldeyrstekjum og skapað ný störf svo hundruðum skiptir. Talið er að gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu hafi aukist um 2.500 millj. kr. á síðasta ári og beinar tekjur ríkisins um a.m.k. 500 millj. kr. Lítil efnahagsleg skynsemi er í því að kaffæra slíkan atvinnuveg með aukinni skattlagningu. Upptaka virðisaukaskatts á almenningsamgöngur, t.d. rekstur almenningsvagna hér á höfuðborgarsvæðinu, er í reynd fráleit aðgerð, hvort sem litið er til félagslegra eða þjóðhagslegra raka, umhverfissjónarmiða eða umferðaröryggis en allt mælir í reynd með að hvetja til uppbyggingar og reksturs vel skipulagðra almenningsvagnasamgangna á helstu þéttbýlissvæðum. Skattlagning fargjalda í innanlandsflugi er enn fráleitari og ranglátari aðgerð ef eitthvað er. Skatturinn bitnar langþingst á íbúum afskekktustu byggarlaganna og bitnar þingst á landsbyggðinni í heild og möguleikum hennar til almennra samskipta í þjóðfélaginu. Við lokaumfjöllun málsins í nefndinni hefur svo komið í ljós að stjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að falla frá þessari skattlagningu að hluta til hvað rekstur almenningsvagna á vegum sveitarfélaga snertir. Þetta verði gert með endurgreiðslu þess hluta virðisaukaskattsins sem leggst á rekstrarframlög sveitarfélaganna. Þetta er að sjálfsögðu fagnaðarefni, sbr. ofansagt, en furðu vekur að haldið skuli til streitu að fullu skattlagningu á aðrar almenningsamgöngur, þar með talið innanlandsflugið. Í þessari niðurstöðu birtist enn þá landsbyggðarþjandsamlegra viðhorf en áður og er þá langt til jafnað. Upplýsingar um áhrifin á fargjöld í innanlandsflugi eru birtar í fylgiskjölum.

Breytingartillögur.

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í efnahags- og viðskiptanefnd mun flytja sérstakar breytingartillögur auk þess sem Alþýðubandalagið mun styðja sumar af breytingartillögum 1. minni hluta.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

1. Lagt er til að persónufrádráttur hækki um 400 kr. á mánuði eða 4.800 kr. á ári og verði 287.064 kr. miðað við skattvísitölu gildandi tekjuskattslaga eða nálægt 292.000 kr. fyrir tekjuárið 1994. Það þýðir að skattfrelismörkin komast yfir 58.000 kr. á mánuði í stað þeirra 57.000 kr. sem stefnir í að óbreyttu. Kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum er nálægt 680 millj. kr. á ári.
2. Þá er lagt til að tekjuskattur fyrirtækja haldist óbreyttur á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993, þ.e. 39% í stað þess að lækka í 33% eins og ríkisstjórnin áformar. Þessi breyting gefur ríkissjóði um 300 millj. kr. í tekjur.
3. Þá er lagt til að fallið verði frá því að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innan lands og á þjónustu ferðaskrifstofa. Þessar breytingar kosta ríkissjóð um 250 millj. kr. Alþýðubandalagið er andvíggt upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og greiddi atkvæði gegn málinu á síðasta þingi. Þriðji minni hluti mun styðja breytingartillögu um að fella niður virðisaukaskatt af ferðaþjónustu í heild en flytur til vara þessa tillögu um fólksflutninga nái það ekki fram að ganga.
4. Lagt er til að horfið verði að nýju frá því að leggja virðisaukaskatt á íslenskar bækur, bókaskatt. Þessi breyting kostar ríkissjóð um 300 millj. kr.
5. Í 5. tölul. breytingartillagnanna eru sömu efnisatriði á ferð og í 3. og 4. tölul., þ.e. verið er að undanskilja fólksflutninga, þjónustu ferðaskrifstofa og sölu íslenskra bóka ákvæðum 14. gr. laganna um virðisaukaskatt.
6. Hér er lagt til að gildistaka lægra skattþreps á matvæli verði 1. mars næstkomandi en ekki 1. janúar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ljóst virðist að ríkisstjórnin hafi alls ekki sinnt undirbúningi málsins sem skyldi og jafnframt hafa komið fram efasemdir frá kaupmönnum um að hægt verði að láta breytingarnar taka gildi strax 1. janúar nk. Frestun á gildistöku lækkunarinnar um tvo mánuði, eða eitt uppgjörstímabil virðisaukaskatts, sparar um 500 millj. kr. en á móti koma útgjöld vegna niðurgreiðslna, sbr. næsta lið.
7. Í samræmi við frestun á gildistöku lægra skattþreps á matvæli til 1. mars er lagt til að við 32. gr. bætist ákvæði til bráðabirgða um auknar niðurgreiðslur, sambærilegar við þær sem verið hafa við lýði á þessu ári þar til lækkunin kemur til framkvæmda. Kostnaður vegna þessa fyrir ríkissjóð er um 100 millj. kr.
8. Lagt er til að sérstakt hátekjuskattþrep, sem lagt er á tekjur einstaklinga yfir 200 þús. kr. og hjóna yfir 400 þús. kr. á mánuði, sbr. lög nr. 111/1992, verði hækkað um 3 prósentustig, þ.e. úr 5% í 8%. Þetta gefur ríkissjóði tekjur upp á u.þ.b. 250 millj. kr.

Tekjuöflun samkvæmt þessum tillögum er 1.050 millj. kr. en útgjöldin eru nokkru meiri eða um 1.330 millj. kr. Munar þar mest um hækkun persónufrádráttarins.

Það skal að lokum undirstrikað að hér er einungis verið að gera tilraun til að lagfæra nokkra verstu ágallana sem birtast í þessu skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Alþýðubandalagið er þeirrar skoðunar að gagnger endurskoðun í skattamálum sé orðin mjög brýn eins og ríkisstjórnin hefur haldið á þeim málum. Þar ber hæst að útfæra og koma á raunverulegum fjármagnstekjuskatti, leggja þarf á hátekjuskatt sem að hluta til yrði svo notaður til að hækka skattfrelismörk og þannig auka tekjujöfnun í skattkerfinu.

Endurskoða þarf skattlagningu fyrirtækja og finna sanngjarnar skattaviðmiðanir sem séu í samræmi við raunverulega afkomu fyrirtækjanna og komi að hluta í stað aðstöðugjaldsins.

Efnahags- og ríkisfjármálastefna stjórnar Davíðs Oddssonar hefur bedið algert skipbrot. Samdráttur í efnahagsstarfseminni og atvinnulífinu, niðurskurður, svimandi háir vextir ásamt afskiptaleysi og uppgjöf stjórnvalda hafa valdið víxlverkun sem m.a. kemur fram í minnkandi tekjum ríkissjóðs. Við þessu hefur ríkisstjórnin brugðist með því að stórauka álögur á almenning en ýta svo vandanum á undan sér að öðru leyti.

Þriðji minni hluti átelur þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin hefur tamið sér í skattamálum, hafnar þeirri einhliða skattþíningu almennings sem hefur verið leiðarljós hennar og lýsir frekari ábyrgð af afleiðingum á hendur stjórninni.

Sem fylgiskjöl með nefndarálit þessu eru birt ýmis gögn um áhrif af upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, umsagnir stéttarfélaga o.fl.

Alþingi, 14. des. 1993.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

Vinnan, tímarit Alþýðusambands Íslands, aukaútgáfa, 9. tbl., 11. nóv. 1993, 43. árg.:

Lækkun matarskatts — kjarabót hinna tekjulægstu.

Verð á matvælum lækkar samtals um 5,5% vegna kjarasamninganna sl. vor. Hluti af þessari lækkun er þegar kominn fram með niðurgreiðslum á tilteknum kjöt- og mjólkurvörum frá 1. júní sl. Um næstu áramót verður virðisaukaskattur af matvælum formlega lækkaður úr 24,5% í 14% og í kjölfar þess munu matvæli og drykkjarvörur lækka um 4,5% að meðaltali. Framfærsluvísitalan mun því lækka um 0,8–0,9% í janúar og febrúar nk. Lækkun framfærsluvísitalunnar er kjarni málsins í þessum kjarasamningum, það að lækka framfærslukostnað heimilanna. Til þess að meta þá kjarabót, sem felst í þessari aðgerð, verður að líta til þess hversu miklum hluta teknanna er varið til kaupa á matvælum.

Yfirlit hér á eftir sýnir áhrif lækkunar matarskattsins á hag barnafjölskyldna. Tekið er mið af hag tekjulægstu fjölskyldnanna (bæði undir og yfir skattleysismörkum), fjölskyldna með meðaltekjur og fjölskyldna með háar tekjur. Þar kemur fram að heildaráhrif lækkunar matarskattsins eru 2,3–2,5% hjá tekjulægri fjölskyldunum, eða um 3.000 kr. á mánuði, 1,8% hjá fjölskyldum með meðaltekjur og 1,2% hjá þeim tekjuhæstu. Eins og fram hefur komið hefur hluti af þessari lækkun þegar komið fram með auknum niðurgreiðslum frá 1. júní sl. Nú liggur fyrir hvernig ríkisstjórnin áætlar að fjármagna tekjutap vegna þessarar aðgerðar og því er hægt að meta heildaráhrifin á kjör þessara fjölskyldna.

Í töflunni hér á eftir er tillit tekið til hækkunar tekjuskatts um 0,35% um næstu áramót, en verðlagsáhrif af hækkun bifreiðagjalds og tryggingagjalds atvinnurekenda eru

tekin með í endurskoðaðri verðbólguþá fyrir næsta ár. Samkvæmt þessu mun staða lágtekjufjölskyldna batna um 1,7–2,2% um næstu áramót, eða um 2.200–2.600 kr. á mánuði, eftir því hvort þær eru undir eða yfir skattleysismörkum. Þegar tillit hefur verið tekið til þess að verðbólga frá upphafi til loka næsta árs er áætluð 0,8% verða endanleg áhrif 0,9–1,4% eða á bilinu 1.200–1.700 kr. á mánuði. Kaupmáttur fjölskyldna með meðaltekjur mun aukast um 1,1% (2.200 kr.) um áramótin en 0,4% (700 kr.) að teknu tilliti til verðbólgunnar. Hjá hátekjufólki mun hagurinn batna um 0,5% um áramótin (1.300 kr.) en í árslok næsta árs verður kaupmáttur 0,3% lakari (þ.e. lækkar um 800 kr.) vegna verðbólgunnar.

ÁHRIF LÆKKUNAR MATARSKATTS Á BARNAFJÖLSKYLDUR				
Viðmiðunartölur	Lágtekjur		Meðaltekjur	Hátekjur
Fjölskyldutekjur á mánuði	100.000	120.000	250.000	403.000
– tekjuskattur	0	-4.000	-56.000	-120.000
+ barnabætur	17.000	17.000	5.000	5.000
Ráðstöfunartekjur	117.000	133.000	199.000	288.000
Heildaráhrif lækkunar VSK:				
Lækkun útgjalda vegna matarkaupa	2.900	3.000	3.500	3.500
Áhrif VSK á ráðstöfunartekjur, alls	2,5%	2,3%	1,8%	1,2%
Þegar komið fram 1. júní 1993 (v/niðurgr.)	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%
Áhrif frá 1. jan. 1994:				
Áhrif lækkunar VSK á ráðstöfunartekjur	2,2%	2,0%	1,5%	0,9%
Tekjuskattur 0,35% m.v. ráðstöfunartekjur	0,0%	-0,3%	-0,4%	-0,4%
Samtals bein áhrif frá 1. jan. 1994	2,2%	1,7%	1,1%	0,5%
Verðbólga des. 1993 – des. 1994	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%
Áhrif umfram almennt verðlag	1,4%	0,9%	0,4%	-0,3%

Fylgiskjal II.

Umsögn Alþýðusambands Íslands.
(7. desember 1993.)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um skattamál. Eðlilegt er að skipta þessari umsögn í tvo meginþætti í samræmi við það hvernig þessar breytingar ber að.

1. Breytingar tengdar kjarasamningum

Lækkun matarskatts og fjármögnun þess: Meginefni frumvarpsins tengist yfirlýsingu ríkisstjórnar við gerð síðustu kjarasamninga, bæði breytingar á lögum um virðisaukaskatt, vörugjöld og tolla vegna lækkunar matarskattsins og breytingar á ýmsum lögum vegna tekjuöflunar ríkissjóðs til að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessa.

Aðdraganda kjarasamninga í vor má rekja til aðgerða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í nóvember 1992 og þeirra skattahækkana sem ríkisstjórn og Alþingi stóðu að í framhaldi af þeim. Því var lögð áhersla á það í þeirri kröfugerð sem fundur formanna aðildarféлага innan ASÍ samþykkti í byrjun febrúar s.l. að til greina kæmi að bæta kaupmátt með breytingum á skattkerfinu. Í því sambandi kom til greina að hækka persónuafslátt eða lækka tekjuskattshlutfall, hækka barnabætur, lækka virðisaukaskatt af matvælum, auknum niðurgreiðslum o.fl. Við mat á þessum atriðum var lögð megin áhersla á að aðgerðin nýttist þeim tekjulægstu sérstaklega og að um varanlega aðgerð yrði að ræða.

Skattleysismörk hafa lækkað verulega frá því að staðgreiðslukerfi skatta var sett á, en þau ættu að vera um 75 þús.kr. ef staðið hefði verið við upphaflegt loforð þegar kerfið var sett á (sjá meðfylgjandi mynd 1). Þessi skerðing hefur að mestu verið gerð með því að láta persónuafslátt ekki fylgja verðlagi eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu lögunum um staðgreiðslu. Á sínum tíma var þessi verðuppfærsla hluti af þeim loforðum sem stjórnvöld gáfu launafólki. Það er jafnframt ljóst að stjórnvöld hyggjast ekki hætta þess háttar skerðingum á persónuafslætti, en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á ekki að hækka persónuafslátt um næstu áramót vegna verðbólgu á seinni hluta ársins 1993 um tæplega 490 kr. á mánuði eins og gerast myndi ef staðið væri við fyrri fyrirheit.

Þegar matarskatturinn var settur á sínum tíma var komið til móts við kjaraskerðingu barnafólks með því að hækka barnabætur og barnabótaauka sérstaklega. Síðan hafa stjórnvöld og Alþingi itrekað skert barnabætur og barnabótaaukann. Ennfremur má minna á að tekjutenging barnabótaauka miðast við um 92 þús.kr. tekjur hjóna á mánuði, en það jafngildir því að bæði hjónin séu á lágmarkslaunum. Þetta leiðir til þess að tekjutenging barnabótaaukans nær til flest allra á vinnumarkaði og sem dæmi má nefna að hjá hjónum með meðaltekjur (um 230 þús.kr.mán.) og tvö börn, annað yngra en 7 ára, kemur enginn barnabótaauki til greiðslu. Þetta jafngildir um 18 þús.kr. aukaskattbyrði á mánuði!

Stjórnvöld hafa stöðugt verið að skerða þær niðurgreiðslur sem teknar voru upp þegar matarskatturinn var settur á árið 1988. Síðast var þetta gert með beinum hætti um síðustu áramót, þegar niðurgreiðslur á eggjum, nautakjöti o.fl. voru lækkaðar verulega. Jafnframt liggur fyrir í búvörusamningi að skerða eigi þessar niðurgreiðslur að krónutölu á komandi árum.

Því var það metið svo af samninganefnd ASÍ að hvorki væri hægt að meta breytingar á skattleysismörkum, barnabótum né niðurgreiðslum sem varanlega aðgerð og bæri því að leggja áherslu á lækkun matarskattsins úr 24,5% í 14%. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins lagði fram í mars s.l. er verulegur munur á því hversu stórum hluta tekna varið er til kaupa á matvælum eftir tekjuhópum. Þeir tekjulægstu þurfa þannig að verja allt að 37% af tekjum (32% af ráðstöfunartekjum) til matarkaupa á meðan þeir tekjuhæstu komast af með 13% af tekjum (17% m.v. ráðstöfunartekjur). Þetta kemur einnig fram í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Samninganefnd ASÍ var þegar í vor ljóst, að lækkun matarskattsins væri ekki sú markvissasta tekjujöfnunaraðgerð sem hægt væri að gripa til, hins vegar mætti meta slíka breytingu sem tiltölulega varanlega aðgerð. Aðrar tekjujöfnunaraðgerðir hafa, eins og fram hefur komið, ekki reynst launafólki sérstaklega haldbærar á undanförunum árum. Ennfremur var þegar í vor gert ráð fyrir að ríkissjóður aflaði sér tekna til þess að fjármagna þessa aðgerð og með því að haga fjármögnuninni þannig að hún lenti frekar á þeim sem betur mega sin mætti sníða af þá annmarka sem væru á tekjujöfnunaráhrifum lækkunar matarskattsins. Því lagði ASÍ til að tekjuöflun ríkissjóðs yrði mætt með upptöku fjármagnstekjuskatts sem gæfi um 800 mill.kr. tekjur á ári, hækkun hátekjuskatts og lækkun viðmiðunartekna sem gæfi um 750 mill.kr. tekjur (sjá meðfylgjandi töflu 1 og 2 um útfærslu og áhrif) og stórhertu skattefirliti og skattrannsóknum. Þó erfitt sé að meta hvað hert skattefirlit gæfi af sér, þá má benda á að ef skattefirlitinu tækist aðeins að ná í einn tíunda hluta þess sem undan er skotið jafngildir það um 1.100 mill.kr. tekjum á ári m.v. niðurstöður skattsvikanefndarinnar.

Tillaga Alþýðusambandsins um lækkun matarskattsins verður því ekki aðskilin frá tillögu þess um hvernig staðið yrði að fjármögnun á því tekjutapi sem ríkissjóður yrði fyrir. Hins vegar var ríkisstjórnin ekki tilbúinn til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs með þessum hætti að fjármagnstekjuskatti undanskildum og ekki náðist samstaða um það með hvaða hætti staðið yrði að tekjuöfluninni. Þess í stað hafði Alþýðusambandið sterkan fyrirvara um það að ekki yrði gengið á hlut þeirra tekjulægstu við þessa fjármögnun og yrði það m.a. eitt af þeim atriðum sem meta skyldi í nóvember mánuði.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið gerði launanefnd ASÍ og atvinnurekenda athugasemd við ýmis atriði sem kynnt voru í fjárlagafrumvarpinu á fundi með fulltrúum stjórnarflokkana um miðjan október s.l. Þessar athugasemdir lutu m.a. að áformum um 0,5% atvinnuleysistryggingagjald á allt launafolk án tillits til tekna, upptöku heilsukorta, skerðingu atvinnuleysisbóta og lækkun bóta til elli- og örorkulífeyrisþega. Þetta var talið stangast algerlega á við þau fyrirheit sem gefin voru við gerð kjarasamninga eins og áður hefur verið vikið að. Niðurstaða ríkisstjórnar var að falla frá áðurnefndum áformum og í stað þess hækka tekjuskatt um 0,35% og bifreiðagjöld um þriðjung.

Þó svo að þessi aðferð við fjármögnunina viki í verulegum atriðum frá tillögum Alþýðusambandsins frá því í vor, var það mat launanefndar ASÍ og atvinnurekenda að með þessari útfærslu væru ekki forsendur til þess að segja upp kjarasamningum. Þessi niðurstaða launanefndar um forsendur uppsagnar kjarasamninga breytir hins vegar ekki þeirri afstöðu Alþýðusambandsins, að skynsamlegra hefði verið að hækka hátekjuskatt, stórherða eftirlit með skattaundandrætti og ASÍ mótmælir því jafnframt harðlega að fallið skuli frá því að taka upp sérstakan vaxtaskatt á næsta ári. Áhyggjur Seðlabanka og viðskiptabankanna um að vextir kynnu að hækka við það að taka upp 10% vaxtaskatt á meðan allar nágrannaþjóðir okkar eru með verulega hærri skattprósentu eru ekki nægilega rökstuddar. Hins vegar hafa stjórnvöld verið fljót að skýla sér á bak

við Seðlabankann í þessu máli, sem bendir til þess að ekki hafi staðið til að standa við þennan hluta yfirlýsingarinnar.

Afnám niðurgreiðslna/endurgreiðslna: Þegar gengið var frá kjarasamningum s.l. vor var gengið út frá því að þær vörur sem þegar væru niðurgreiddar myndu verða óbreyttar í verði frá næstu áramótum. Síðan hefur komið í ljós að fiskur hefur verið meira niðurgeiddur en sem nemur 14% virðisaukaskattsstigi. Fjármálaráðherra leggur til að nú verði neytt lags og þessar umframniðurgreiðslur á fiski afnumdar. Með þessu telur Alþýðusambandið að verið sé að koma aftan að launafólki og mótmælir þessu harðlega.

Breyting á vörugjöldum og tollum: Í tengslum við lækkun VSK af matvælum þótti óhjákvæmilegt að gera ýmsar breytingar á vörugjöldum til að verja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu, sérstaklega sælgæti og gosiðnað. Mjög óljós mörk eru milli kex og sælgætis í tollalögum þannig að hið kunna Prins Póló er flokkað sem kex en ekki sælgæti. Ef ekki hefðu verði lagðar til breytingar á vörugjöldum vegna þessarar lækkunar á VSK af matvælum hefði Prins Póló lækkað um 8,4% en innlenda sælgætið ekki. Þetta er óviðunandi og því er farinn þessi millivegur að vörugjöld af sælgæti eru lækkuð úr 25% í 18% en vörugjöld af sætindum hækkuð úr 25% í 30%. Heildaráhrif lækkunar matarskattsins raskast hins vegar lítið við þessa breytingu.

2. Skattbreytingar vegna ákvarðana í árslok 1992

Breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga: Til þess að bæta sveitarfélögum tekjutap sitt vegna afnáms aðstöðugjaldsins um síðustu áramót hyggst ríkisstjórn færa 1,5% af tekjuskattsprósentu yfir til sveitarfélaganna með því að hækka hámarksálagningu útsvars úr 7,5% í 9,2%. Það skýtur nokkuð skökku við að útsvarsheimildin skuli hækkuð um 1,7% en tekjuskattur aðeins lækkaður um 1,5%, sérstaklega ef þess er gætt að ekki stendur til að breyta lögum um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda verða sveitarfélög að fullnýta tekjustofna sína til þess að geta fengið úthlutun úr Jöfnunarsjóðnum og því eru stjórnvöld að setja verulegan þrýsting á sveitarfélögin að hækka útsvar sitt um 1,7% og auka þannig skattbyrðina um 0,2%, eða 400 mill.kr.! **Þessu mótmælir Alþýðusambandið harðlega** og krefst þess að annað hvort gefi ríkisstjórn meira eftir af tekjuskattsprósentunni eða að hámarksálagning útsvars miðist við 9% í stað 9,2%.

Hvað varðar lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga má benda nefndinni á að eftir að aðstöðugjaldið hefur verið afnumið og því breytt í tekjuskatt að lang stærstum hluta eru forsendurnar fyrir greiðslum úr þessum sjóði brostnar. Það var augljóst að með greiðslum úr Jöfnunarsjóði var verið að jafna þann tekjumun sem myndaðist milli sveitarfélaga vegna aðstöðugjaldsins. Ef skipting heildartekna sveitarfélaga að teknu tilliti til greiðslna úr Jöfnunarsjóði er skoðuð kemur í ljós að hún samsvaraði því sem næst íbúaskiptingunni. Því er augljóst að breyta verður úthlutunarreglum sjóðsins því núverandi reglur auka á ójöfnuð í tekjudreifingu milli sveitarfélaga frekar en jafna hana.

Breyting laga um vaxtabætur: Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á útreikningi vaxtabóta í þessu lagafrumvarpi. Hér er um grundvallarbreytingar á kerfinu að ræða sem margar hverjar eru duldar í tæknilegri útfærslu kerfisins án þess að um þær sé fjallað í athugasemdum með frumvarpinu. Vegna umfangs breytinganna er afar erfitt að átta sig á endanlegum áhrifum þess. Í fyrsta lagi verður að líta til þess kerfis sem fyrir er og hvaða áhrif þessar breytingar hafa á kjör fólks og í öðru lagi verður að líta á þessa nýju tilhögun án tillits til þess fortíðarvanda sem er í kerfinu. Hér verður því stiklað á einstaka atriðum þessara breytinga:

Ahrif í ljósi núverandi kerfis:

a) Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborgun og vexti ásamt afföllum og lántökukostnaði myndi stofn til útreiknings vaxtabóta. Hér er lagatextinn þrengdur nokkuð frá núgildandi lögum sem leiðir til þess að lendi fólk í greiðsluferfiðleikum mynda dráttarvextir og vanskilakostnaður ekki lengur stofn til útreiknings vaxtabóta, sem kann að vera varhugavert. Í athugasemdum við frumvarpið er þessi breyting hins vegar ekki rökstudd á nokkurn hátt og því óljóst hvaða ástæður liggja þar að baki.

b) Þrátt fyrir að tekið sé fram í lagatextanum hvað beri að viðurkenna sem "vaxtagjöld", sbr. upptalningu í 2. mgr., er einnig gert ráð fyrir að hámark viðurkenndra vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta miðist við 7% af uppreiknuðum skuldum um áramót (3. mgr.). Áhrif þessa hámarks eru margslungin og dulin. Ef raunverulegir vextir lántakenda eru í reynd 7% mun hámarkið leiða til þess að gjaldfallnar verðbætur vegna afborgunarinnar ásamt lántökukostnaði, afföllum o.fl. koma ekki til með að mynda stofn til greiðslu vaxtabóta, sem er grundvallar breyting m.v. fyrra kerfi (sjá meðfylgjandi myndir 2, 3 og 4). Það vekur einnig athygli að ekkert er minnst á þetta í athugasemdum við lagafrumvarpið, heldur er þvert á móti gefið í skyn að ekki sé verið að gera þessar breytingar. Ef raunverulegir vextir eru lægri, eins og t.d. í 1986-kerfinu eða félagslega kerfinu, þá verður til ákveðið svigrúm til að í það minnsta hluti af gjaldföllum verðbótum vegna afborgunar myndi stofn til útreiknings vaxtabóta. Ef raunverulegir vextir eru hins vegar hærri en sem nemur 7%, sem væntanlega gildir fyrir nokkuð stóran hóp fólks, myndar aðeins hluti raunvegulega gjaldfallina vaxta, verðbóta og lántökukostnaðar stofn til útreiknings vaxtabóta. Það sem ræður því hvort gjaldfallnar verðbætur vegna afborgunar ásamt lántökukostnaði o.fl. myndi stofn til vaxtabóta virðist samkvæmt þessu vera það hvort viðkomandi njóti lægri vaxta en sem nemur 7%, en það tengist óneitanlega opinbera lánakerfinu. Þeir sem greiða hærri vexti og hafa ekki komist inn í opinbera lánakerfið lenda hins vegar mun harðar í þessum breytingum og vekur það nokkra furðu.

c) 7% viðmiðunarprósentan er rökstudd með tilvísun í 6% raunvexti í húsbrefakerfinu og 7% algenga vexti hjá lifeyrissjóðunum. Þetta er nokkuð vafasöm viðmiðun, því annars vegar hefur ekki verið tekið tillit til þess að raunvextir í húsbrefakerfinu hafa aldrei verið í samræmi við áskrifða vexti, heldur mun hærri. Hins vegar er ljóst að fjöldi fólks hefur neyðst til þess að taka bankalán með mun hærri raunvöxtum en hér er gert ráð fyrir og staða þeirra versnar því verulega vegna þessa ákvæðis. Í athugasemdum við frumvarpið kemur einnig fram að endurskoða verði þessa viðmiðun í ljósi þess að raunvextir hafi farið lækkandi á undanförmum vikum. Þetta er varhugaverð ályktun í ljósi þess að heimilin í landinu hafa á undanförmum árum tekið tugmiljarða króna lán í opinbera húsnæðiskerfinu og bankakerfinu með mun hærri vöxtum til næstu 25 ára og því afar óeðlilegt að miða hámark vaxtabóta við núverandi ávöxtunarkröfu.

d) Ef hætt verður að viðurkenna gjaldfallnar verðbætur á afborganir verðtryggðra lána sem vaxtagjöld en viðurkenna jafnframt að fullu vaxtagjöld vegna nafnvaxtalána verður augljós mismunur á meðhöndlun þessara tveggja lánsforma. Tilvísun í umræður um afnám verðtryggingar í þjóðfélaginu í þessu sambandi er úr lausu lofti gripin, því engar ákvarðanir hafa verið teknar um það efni.

e) Sú breyting sem hér er verið að kynna, sérstaklega ákvæðið um að hætta að viðurkenna gjaldfallnar verðbætur vegna afborgunar mun raska verulega greiðslubyrði þeirra sem þegar hafa tekið lán í kerfinu. Það er ljóst að Húsnæðisstofnun og síðar bankarnir hafa í greiðslumati sínu tekið mið af því að viðkomandi umsækjandi hafi rétt á vaxtabótum m.v. núverandi kerfi og þannig beinlínis hvatt til lántöku á þeim

forsendum. Meiriháttar breyting á forsendum útreiknings vaxtabóta setur þetta fólk, sem var lagalega skuldbundið til að nota þessa opinberu ráðleggingu, í verulega greiðsluferfiðleika. Það eru hins vegar engar hugmyndir né ábendingar um það í athugasemdum við þetta lagafrumvarp hvernig takast eigi á við þann vanda sem þetta getur leitt af sér. Stjórnvöld og Alþingi hljóta þó að bera töluverða ábyrgð á þessu, þar sem greiðslumatið er hluti af lögnum um húsbrefakerfið og framkvæmd þess. Hér kæmi til athugunar að bjóða fólki sem lenti í greiðsluvandræðum vegna þessara breytinga upp á lengingu lána eða sérstaka undanþágu frá meginreglunni.

Áhrif breytinganna án tillits til niðverandi kerfis:


Ef tillagan að breyttu fyrirkomulagi vaxtabóta er skoðuð fram í tímann út frá því sjónarmiði að verið sé að taka upp vaxtabætur í fyrsta sinn má velta því fyrir sér hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa. Í athugasemdum við frumvarpið er því haldið fram að þessar breytingar bæti stöðu þeirra sem kaupa í fyrsta sinn og jafnframt þeirra sem eru tekjulægstir. Til þess að meta þessar breytingar hefur verið gengið út frá 2., 4. og 8. mill.kr. húsbrefaláni til 25 ára með 6% vöxtum og 3% meðalverðbólgu á lánstímanum. Jafnframt er miðað við árstekjur hjóna upp á 1., 2., 3. og 4. mill.kr. til þess að ná tekjutengingunni með í umfjöllunina. Ekki hefur verið tekið tillit til eignatengingar vaxtabóta. Niðurstöður þessara útreikninga koma fram á meðfylgjandi myndum 5, 6 og 7. Eins og fram kemur á þessum myndum er ekki hægt að taka undir það mat á áhrifum kerfisins sem fram kemur í athugasemdunum. Ljóst er að þetta nýja nýja fyrirkomulag mun valda mestri skerðingu gagnvart minnstu lánunum en því sem næst engri skerðingu gagnvart mjög háum lánunum. Hækkun hámarksbótanna hins vegar mjög takmörkuð áhrif á hjón með 1 mill.kr. tekjur og 4 mill.kr. húsbrefalán á 6 - 15 ári endurgreiðslutímans. Eins og menn vita þá þarf töluverðar tekjur til þess að standa undir miklum lánunum og því er ekki hægt að staðfesta að þetta kerfi henti betur þeim tekjulægstu, heldur þvert á móti. Varðandi fullyrðinguna um að verið sé að bæta stöðu ungs fólks sem er að kaupa í fyrsta sinn þá stenst hún heldur ekki, nema ef vera kynni hlutfallslega vegna þeirrar skerðingar sem kemur á 11 til 24 ári endurgreiðslunnar (þegar þetta unga fólk er orðið eldra en þegar það tók viðkomandi lán).

En hvers vegna sýna niðurstöður þeirra útreikninga sem sýndir eru í athugasemdum frumvarpsins allt aðra niðurstöðu? Það er vegna þess að þar er verið að endureikna úthlutaðar vaxtabætur á þessu ári og þar sem gjaldfallnar verðbætur á afborgun falla nánast alveg út við þessa breytingu lenda þeir sem tóku lán fyrir 10-12 árum (þ.e. þeir hafa væntanlega verið á aldrinum 20-25 ára þá og eru nú orðnir rúmlega 35 ára) harkalega í skerðingunni. Því eru þessir útreikningar afar villandi og ómarktækir.

Breyting laga um virðisaukaskatt af fólksflutningum innanlands: Í þessu tekjufrumvarpi er umræða um virðisaukaskatt af fólksflutningum innanlands opnuð aftur með þeim breytingum sem felast í 17. gr. frumvarpsins. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur sent frá sér ályktun (sbr. hjálagn) þar sem álagning VSK á innanlandsflug er gagnrýnt alveg sérstaklega og vísast til hennar um þetta efni.

MYND 1

Skattleysismörk m.v. upphaflegt markmið skattalaga
og efndir stjórnvalda síðan
Verðlag í desember 1993 m.v. lánskjaravísitölu



Skýringar:

- 1) Sýnir skattleysismörk m.v. persónuafslátt og skattprósentu í upphafi.
- 2) Sýnir raunverulega þróun skattleysismarkna.
- 3) Sýnir skattleysismörkin m.v. framreikning persónuafsláttar og raunverulega skattprósentu.

TAFLA 1

Áhrif breytinga á hátekjuskatti; upphæð og form

Útfærsla á hátekjuskatti í staðgreiðslukerfi m.v. einstaklinga

Dæmi 1a: Núverandi kerfi

Persónuafsláttur: 23.911

Tekjuskattur: 41,69%

Hátekjuskattur: 5,00% m.v. 200/400 þús.kr.mán.

Tekjur á ári	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Samtals skattur	Hátekju-skattur í % af tekjum	Áætluð meðal-tekjuskatts-prósenta
1800000	463.488	0	463.488	0,0%	41,7%
2100000	588.558	0	588.558	0,0%	41,7%
2400000	713.628	0	713.628	0,0%	41,7%
3000000	963.768	30.000	993.768	1,0%	42,7%
3600000	1.213.908	60.000	1.273.908	1,7%	43,4%
4200000	1.464.048	90.000	1.554.048	2,1%	43,8%
4800000	1.714.188	120.000	1.834.188	2,5%	44,2%
5400000	1.964.328	150.000	2.114.328	2,8%	44,5%

Útfærsla á hátekjuskatti í staðgreiðslukerfi m.v. einstaklinga

Dæmi 2a: Breytt kerfi, bæði %, tekjumörk og innheimta.

Persónuafsláttur: 23.911

Tekjuskattur: 41,69%

Hátekjuskattur: 7,50% m.v. 160.000 kr. mörk

Tekjur á ári	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Samtals skattur	Hátekju-skattur í % af tekjum	Áætluð meðal-tekjuskatts-prósenta
1800000	463.488	0	463.488	0,0%	41,7%
2100000	588.558	13.500	602.058	0,6%	42,3%
2400000	713.628	36.000	749.628	1,5%	43,2%
3000000	963.768	81.000	1.044.768	2,7%	44,4%
3600000	1.213.908	126.000	1.339.908	3,5%	45,2%
4200000	1.464.048	171.000	1.635.048	4,1%	45,8%
4800000	1.714.188	216.000	1.930.188	4,5%	46,2%
5400000	1.964.328	261.000	2.225.328	4,8%	46,5%

Áhrif breytinga á kaupmátt einstaklinga

Tekjur á ári	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Hækkun á hátekju-skatti í af tekju	Áhrif á lækkun matar-skatts	Heildar-áhrif á kaupmátt
1800000	0	0	0,0%	1,2%	1,2%
2100000	0	-13.500	-0,6%	1,2%	0,6%
2400000	0	-36.000	-1,5%	1,2%	-0,3%
3000000	0	-51.000	-1,7%	1,2%	-0,5%
3600000	0	-66.000	-1,8%	1,2%	-0,6%
4200000	0	-81.000	-1,9%	1,2%	-0,7%
4800000	0	-96.000	-2,0%	1,2%	-0,8%
5400000	0	-111.000	-2,1%	1,2%	-0,9%

TAFLA 2

Áhrif breytinga á hátekjuskatti; upphæð og form

Útfærsla á hátekjuskatti i staðgreiðslukerfi m.v. hjón

Dæmi 1b: Núverandi kerfi

Persónuafsláttur: 47.822

Tekjuskattur: 41,69%

Hátekjuskattur: 5.00% m.v. 200/400 þ.kr.mán

Tekjur á ári	Tekjuhærri	Tekjulægri	Tekjuskattur	Hátekjuskattur hjóna	Samtals skattur hjóna	Hátekjuskattur i % af tekjum hjóna	Hátekjuskattur i % af tekjum tekjuhærri	Aætluð meðal-tekjuskatts-prósenta tekjuhærri
3600000	2400000	1200000	926.976	0	926.976	0,0%	0,0%	41,7%
4200000	3000000	1200000	1.177.116	0	1.177.116	0,0%	0,0%	41,7%
4800000	3600000	1200000	1.427.256	0	1.427.256	0,0%	0,0%	41,7%
5400000	4200000	1200000	1.677.396	30.000	1.707.396	0,6%	0,7%	42,4%
6000000	4800000	1200000	1.927.536	60.000	1.987.536	1,0%	1,3%	42,9%
6600000	5400000	1200000	2.177.676	90.000	2.267.676	1,4%	1,7%	43,4%
7200000	6000000	1200000	2.427.816	120.000	2.547.816	1,7%	2,0%	43,7%
7800000	6600000	1200000	2.677.956	150.000	2.827.956	1,9%	2,3%	44,0%

Útfærsla á hátekjuskatti i staðgreiðslukerfi m.v. hjón

Dæmi 2b:

Persónuafsláttur: 47.822

Tekjuskattur: 41,69%

Hátekjuskattur: 7.50% m.v. 160/320 þ.kr.mán.


Tekjur á ári	Tekjuhærri	Tekjulægri	Tekjuskattur	Hátekjuskattur	Samtals skattur	Hátekjuskattur i % af tekjum hjóna	Hátekjuskattur i % af tekjum tekjuhærri	Aætluð meðal-tekjuskatts-prósenta tekjuhærri
3600000	2400000	1200000	926.976	0	926.976	0,0%	0,0%	41,7%
4200000	3000000	1200000	1.177.116	27.000	1.204.116	0,6%	0,9%	42,6%
4800000	3600000	1200000	1.427.256	72.000	1.499.256	1,5%	2,0%	43,7%
5400000	4200000	1200000	1.677.396	117.000	1.794.396	2,2%	2,8%	44,5%
6000000	4800000	1200000	1.927.536	162.000	2.089.536	2,7%	3,4%	45,1%
6600000	5400000	1200000	2.177.676	207.000	2.384.676	3,1%	3,8%	45,5%
7200000	6000000	1200000	2.427.816	252.000	2.679.816	3,5%	4,2%	45,9%
7800000	6600000	1200000	2.677.956	297.000	2.974.956	3,8%	4,5%	46,2%

Áhrif breytinga á kaupmátt hjóna

Tekjur á ári	Tekjuskattur	Hátekjuskattur	Hækkun á hátekjuskatti i % af tekjum	Áhrif á lækkun matarskatts	Heildaráhrif á kaupmátt
3600000	0	0	0,0%	1,2%	1,2%
4200000	0	-27.000	-0,6%	1,2%	0,6%
4800000	0	-72.000	-1,5%	1,2%	-0,3%
5400000	0	-87.000	-1,6%	1,2%	-0,4%
6000000	0	-102.000	-1,7%	1,2%	-0,5%
6600000	0	-117.000	-1,8%	1,2%	-0,6%
7200000	0	-132.000	-1,8%	1,2%	-0,6%
7800000	0	-147.000	-1,9%	1,2%	-0,7%


MYND 2

**Stofn vaxtabóta vegna 4 mill.kr. láns í
félagslega kerfinu með 2,5% vöxtum
Núverandi kerfi og tillaga að breytingu
M.v. 3% verðbólgu á ári**




MYND 3

**Stofn vaxtabóta vegna 4 mill.kr. húsbrelaláns
með 6% vöxtum
Núverandi kerfi og tillaga að breytingu
M.v. 3% verðbólgu á ári**




MYND 4

Stofn vaxtabóta vegna 4 mill.kr. bankaláns
með 9% vöxtum
Núverandi kerfi og tillaga að breytingu
M.v. 3% verðbólgu á ári




MYND 5

Vaxtabætur fyrir og eftir breytingu
m.v. 2 mill.kr. húsbréfalán




MYND 6

Vaxtabætur fyrir og eftir breytingu
m.v. 4 mill.kr. húsbréfalán



MYND 7

Vaxtabætur fyrir og eftir breytingu
m.v. 8 mill.kr. húsbréfalán



Fréttatilkynning Alþýðusambands Íslands.
(1. desember 1993.)

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 1. desember 1993:

„Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að taka til endurskoðunar þá ákvörðun að leggja 14% virðisaukaskatt á innanlandsflug. Þessi skattur leggst hlutfallslega þungt á þá sem lengst þurfa að fara og bera hæstan kostnað. Þar að auki gæti hann dregið úr tíðni áætlunarflugs innan lands og minnkað þar með þjónustu og öryggi á landsbyggðinni. Ferðaþjónustan hefur verið helsti vaxtarbroddur atvinnulífs í landinu og með þessari skattlagningu er verið að koma í veg fyrir mögulega þróun hennar.“

Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ.

Fylgiskjal III.**Umsögn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.**
(3. desember 1993.)

BHMR hefur fengið til umsagnar frv. til laga um breytingar í skattamálum. BHMR vill leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Virðisaukaskattur - matarskattur

BHMR telur óskynsamlegt að hafa tvö þrep í virðisaukaskattkerfinu. Þessi afstaða byggist í fyrsta lagi á því að til eru mun ódýrari og skilvirkari leiðir fyrir ríkissjóð til að ná fram áformuðum velferðaráhrifum fyrir fjölskyldurnar, t.d. með beinum millifærslum. Í öðru lagi verða til mörg vandamál við framkvæmd skattkerfisins sem ekki er hægt að líta fram hjá. Má þar nefna vanda seljenda að vita með vissu hvaða skatthlutfalli skuli beita á hvern vörflokk. Þetta felur í sér mismunun gagnvart minni rekstraraðilum í samkeppni við þá sem hafa yfir að ráða fullkomnara bókhalds- og sjóðskerfi. Þetta felur einnig í sér aukna erfiðleika hjá rekstraraðilum við uppgjör virðisaukaskatts sem getur í raun ýtt undir skattsvik. Dæmi um ákvæði sem virðist örðugt að framkvæma er a. liður 18. gr. frumvarpsins sem aðskilur tilreiddan morgunmat frá öðrum tilreiddum mat. Sá einfaldleiki, sem tilkoma virðisaukaskatts átti að byggja á, hverfur með þessum breytingum. Jafnframt verður eftirlitsþáttur skattyfirvalda mun erfiðari og möguleikar á vélrænu eftirliti eru nánast úr sögunni.

Áætlað er að lækkun virðisaukaskatts muni kosta 2,6 miljarða króna en í frumvarpinu er aðeins gerð grein fyrir fjármögnun á rúmlega 1 miljarði. Það er sérstakt áhyggjuefni að ekki liggur fyrir hvernig þessi breyting verði fjármögnuð.

2. Skerðing vaxtabóta

BHMR ítrekar enn mótmæli gegn áformum um lækkun vaxtabóta 1994 sem ákveðnar voru 1992. Þessi skerðing bótanna kippir grundvelli undan ákvörðunum einstaklinga um húsnæðis kaup og húsnæðis fjármögnun.

Sú kerfisbreyting sem síðan er boðuð í þessu kerfi og á að taka gildi 1995 varðar ný skerðingar ákvæði á rétti til vaxtabóta. Annars vegar er sett vaxtahámark miðað við 7% enda þótt vextir húsnæðis kaupenda hafi í mörgum tilvikum verið hærri. Hins vegar er verið að lækka eignaviðmið enn frekar en orðið er. Miðað við upplýsingar sem fram koma í frumvarpinu virðist þessari breytingu á vaxtabótakerfinu vera beint sérstaklega gegn hjónum.

3. Hækkun tekjuskatts einstaklinga

Frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun á tekjuskatti um 0,35% eða 585 milljónir króna. Þar við bætist að heimildir til sveitarfélaga um ákvörðun útsvars eru rýmkaðar úr 7,5% í 9,2% og tengist sú breyting að verið er að bæta sveitarfélögum tekjumissi vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Þar sem persónuafsláttur verður óbreyttur frá áramótum þýðir þetta verulega lækkun skattleysismarka. Ef skattleysismörk hefðu fylgt verðiagi frá árinu 1988 væru þau 150.000 krónum hærri en þau eru á árinu 1993 (skattleysismörk 1993 eru 689.724 krónur) og er þá ekki tekið tillit til hækkunar á skattprósentum.

Tekjutenging barnabótaauka auk vaxtabóta og almannatrygginga hefur leitt til þess að jaðarskattur fjölskyldu með meðaltekjur, sem nýtur bóta úr þessum kerfum, hefur hækkað mjög mikið. Barnabótaauki kemur t.d. fram sem hækkun á jaðarskatti hjá hjónum með árstekjur á bilinu 1 - 2,5 milljón krónur. Í frumvarpinu eru ákvæði um vaxtabætur sem virka á hliðstæðan hátt á jaðarskattinn.

Vakin er sérstök athýgli þingnefndarinnar á efni 3. gr. frumvarpsins sem felur í sér sérstaka íþyngingu hjá litlum hópi starfsmanna ríkisins, s.e.m. starfa ærlandis.

4. Hækkun tryggingagjalds

BHMR bendir á að hækkun tryggingagjalds á tímum vaxandi atvinnuleysis mun væntanlega draga enn úr eftirspurn eftir vinnuafli og stríðir einnig gegn þeirri meginhugsun að baki *þjóðarsátta* að halda niðri launakostnaði til að draga úr verðbólgu og auka atvinnu.

Með b. lið 35 gr. er verið að skilgreina lágmarksskattstofn vegna tryggingagjalds á sjálfstætt starfandi einstaklinga. Það er mat BHMR að gjaldstofn þennan eigi að miða við raunverulegar tekjur einstaklinga af starfseminni. Öll önnur viðmið eru óeðlileg.

5. Breytingar á vörugjaldi og tollum

Ekki hefur unnist tími til að rannsaka áhrif áformaðra breytinga á vörugjaldi og tollum.

Vert er að velta fyrir sér hvort koma þurfi til frekari lagabreytinga ef samkomulag tekst um nýjan GATT sáttmála.

6. Reglugerðarheimildir

Víða í frumvarpinu er að finna heimildir til umboðsvaldsins að setja reglugerðir eða reglur. BHMR varar við þeirri tilhneigingu að þingis að veita ráðherra heimildir í þessum efnum umfram það sem nauðsynlegt er.


F.h. BHMR,

Páll Halldórsson, formaður.

	Iraun personalaketa berrak			Iraun s. Belgica (grasaak)	Iraun s. Belgica (leku)			
	Raumenu- tag Iraun	Fyrrthet m v. LKV	Abia- munur		Dag v. Iraun + 30 3 m	Raumenu- tag Iraun	Fyrrthet m v. LKV	
1988	1	14.047	14.047	0	35.2	87.609	19.17	19.17
	2	14.047	14.047	0	35.2	89.686	19.54	19.54
	3	14.047	14.047	0	35.2	90.472	19.67	19.67
	4	14.047	14.047	0	35.2	90.414	19.66	19.66
	5	14.047	14.047	0	35.2	91.332	19.82	19.82
	6	16.092	16.092	0	35.2	97.680	18.73	18.73
	7	16.092	16.092	0	35.2	97.726	18.73	18.73
	8	16.092	16.092	0	35.2	97.516	18.70	18.70
	9	16.092	16.092	0	35.2	97.401	18.68	18.68
	10	16.092	16.092	0	35.2	97.725	18.73	18.73
	11	16.092	16.092	0	35.2	97.957	18.77	18.77
	12	16.092	16.092	0	35.2	98.038	18.79	18.79
1989	1	17.842	17.881	(39)	37.74	98.200	19.57	19.53
	2	17.842	17.881	(39)	37.74	96.732	19.67	19.63
	3	17.842	17.881	(39)	37.74	95.627	19.83	19.79
	4	17.842	17.881	(39)	37.74	101.619	20.18	20.14
	5	17.842	17.881	(39)	37.74	101.619	20.18	20.14
	6	17.842	17.881	(39)	37.74	103.568	20.51	20.48
	7	19.419	19.929	(510)	37.74	105.198	19.28	18.80
	8	19.419	19.929	(510)	37.74	105.130	19.27	18.78
	9	19.419	19.929	(510)	37.74	107.513	19.68	19.20
	10	19.419	19.929	(510)	37.74	107.724	19.71	19.24
	11	19.419	19.929	(510)	37.74	105.340	19.98	19.51
	12	19.419	19.929	(510)	37.74	109.340	19.98	19.51
1990	1	20.850	21.741	(891)	39.74	110.981	20.95	20.15
	2	20.850	21.741	(891)	39.74	110.981	20.95	20.15
	3	20.850	21.741	(891)	39.74	110.981	20.95	20.15
	4	20.850	21.741	(891)	39.74	110.981	20.95	20.15
	5	20.850	21.741	(891)	39.74	112.645	21.23	20.44
	6	20.850	21.741	(891)	39.74	112.645	21.23	20.44
	7	22.114	22.792	(678)	39.74	116.661	20.78	20.20
	8	22.114	22.792	(678)	39.74	117.052	20.85	20.27
	9	22.114	22.792	(678)	39.74	113.810	20.31	19.71
	10	22.114	22.792	(678)	39.74	114.464	20.41	19.82
	11	22.114	22.792	(678)	39.74	114.399	20.41	19.82
	12	22.114	22.792	(678)	39.74	117.102	20.86	20.28
1991	1	22.831	23.295	(464)	39.79	117.921	20.43	20.04
	2	22.831	23.295	(464)	39.79	117.326	20.33	19.94
	3	22.831	23.295	(464)	39.79	120.941	20.91	20.53
	4	22.831	23.295	(464)	39.79	120.994	20.92	20.54
	5	22.831	23.295	(464)	39.79	121.068	20.93	20.55
	6	22.831	23.295	(464)	39.79	123.713	21.34	20.96
	7	23.922	24.487	(565)	39.79	123.313	20.39	19.93
	8	23.922	24.487	(565)	39.79	123.425	20.41	19.95
	9	23.922	24.487	(565)	39.79	123.987	20.50	20.04
	10	23.922	24.487	(565)	39.79	124.158	20.52	20.07
	11	23.922	24.487	(565)	39.79	124.345	20.55	20.10
	12	23.922	24.487	(565)	39.79	124.377	20.56	20.10
1992	1	23.922	25.076	(1.154)	39.85	124.367	20.62	19.69
	2	23.922	25.076	(1.154)	39.85	124.208	20.59	19.66
	3	23.922	25.076	(1.154)	39.85	124.469	20.63	19.70
	4	23.922	25.076	(1.154)	39.85	125.092	20.73	19.80
	5	23.922	25.076	(1.154)	39.85	126.530	20.94	20.03
	6	23.922	25.076	(1.154)	39.85	126.361	20.92	20.01
	7	24.013	25.342	(1.329)	39.85	126.499	20.87	19.82
	8	24.013	25.342	(1.329)	39.85	126.934	20.93	19.89
	9	24.013	25.342	(1.329)	39.85	127.254	20.98	19.94
	10	24.013	25.342	(1.329)	39.85	127.463	21.01	19.97
	11	24.013	25.342	(1.329)	39.85	127.488	21.01	19.97
	12	24.013	25.342	(1.329)	39.85	127.605	21.03	19.99
1993	1	23.611	25.468	(1.857)	41.34	127.807	22.87	21.41
	2	23.611	25.468	(1.857)	41.34	127.841	22.87	21.42
	3	23.611	25.468	(1.857)	41.34	127.961	22.89	21.44
	4	23.611	25.468	(1.857)	41.34	128.515	22.97	21.52
	5	23.611	25.468	(1.857)	41.34	128.220	22.93	21.48
	6	23.611	25.468	(1.857)	41.34	128.026	22.90	21.45
	7	23.911	25.750	(1.839)	41.34	128.026	22.66	21.23
	8	23.911	25.750	(1.839)	41.34	128.026	22.66	21.23
	9	23.911	25.750	(1.839)	41.34	128.026	22.66	21.23
	10	23.911	25.750	(1.839)	41.34	128.026	22.66	21.23
	11	23.911	25.750	(1.839)	41.34	128.026	22.66	21.23
	12	23.911	25.750	(1.839)	41.34	128.026	22.66	21.23
1994	1	23.911	26.392	(2.481)	42.2	128.026	23.52	21.59
	2	23.911	26.392	(2.481)	42.2	128.026	23.52	21.59
	3	23.911	26.392	(2.481)	42.2	128.026	23.52	21.59
	4	23.911	26.392	(2.481)	42.2	128.026	23.52	21.59
	5	23.911	26.392	(2.481)	42.2	128.026	23.52	21.59
	6	23.911	26.392	(2.481)	42.2	128.026	23.52	21.59
	7	24.215	27.193	(2.979)	42.2	128.026	23.29	20.96
	8	24.215	27.193	(2.979)	42.2	128.026	23.29	20.96
	9	24.215	27.193	(2.979)	42.2	128.026	23.29	20.96
	10	24.215	27.193	(2.979)	42.2	128.026	23.29	20.96
	11	24.215	27.193	(2.979)	42.2	128.026	23.26	20.96
	12	24.215	27.193	(2.979)	42.2	128.026	23.29	20.96


Persónuafsláttur 1988-94

raunverulegur og fyrirheit



Skattbyrði af alm.BHMR launum 1988-94

raunveruleiki og fyrirheit



Fylgiskjal IV.**Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.**

(1. desember 1993.)

BSRB telur að lækkun virðisaukaskatts af matvælum sé kostnaðarsöm og ómarkviss aðgerð og leiði ekki til tekjujöfnunar. Meðfylgjandi er grein eftir Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing BSRB, þar sem þetta sjónarmið er rökstutt.

Ljóst er að flestar aðrar skattbreytingar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eru til þess að standa straum af tekjutapi vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum og fela í sér auknar álögur á almenning. Þessu hefur BSRB margoft mótmælt.

Sérstök ástæða er til að mótmæla því að ekki skuli lagður skattur á fjármagnstekjur eins og ríkisstjórnin lét í veðri vaka þegar ákvörðun var tekin um virðisaukaskattsbreytinguna.

Fráleitt er að lækka tekjuskatta á fyrirtæki úr 39% í 33% við núverandi aðstæður.

BSRB er reiðubúið að senda fulltrúa á fund efnahags- og viðskiptanefndar til þess að færa nánari rök fyrir afstöðu samtakanna.

Fyrir hönd BSRB,

Ögmundur Jónasson formaður.

Fskj.

*Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur BSRB:*

Lækkun matarskatts — ómarkviss aðferð til tekjujöfnunar.

(Grein í Morgunblaðinu 28. apríl 1993.)

Ráðamönnum hefur orðið tíðrætt um það að undanfögnu að verkalýðshreyfinguna skorti veruleikatengsl. Margvísleg tillögugerð af hálfu samtaka launafólks að undanfögnu gerir þessar síendurteknu fullyrðingar hjákátlegar þar sem ljóst er að verkalýðshreyfingin gerir sér ákaflega vel grein fyrir þeim efnahagslega raunveruleika sem við búum við í dag: Þjóðartekjur dragast saman, og því er minna til skiptanna.

Þess vegna snúast kröfur verkalýðshreyfingarinnar um breytta tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Í þessu ljósi verður að skoða kröfu ASÍ um lækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 24,5% í 14%. Það telur að með þessu móti megi auka verulega ráðstöfunartekjur atvinnulausra, barnafjölskyldna og láglaunafólks.

Kostnaður og fjármögnun.

Áætlað er að lækkun matarskatts kosti ríkissjóð 2,6 til 3 milljarða á ári. Rætt hefur verið um að fjármagna þessa aðgerð með 10% skatti á nafnvexti einstaklinga sem skilaði um 700 milljónum í ríkissjóð og með 7% hátekjuskatti á mánaðartekjur yfir 160 þúsund krónur sem gæti skilað öðrum 700 milljónum. Sá böggull fylgir þó skammrífi að ríkisstjórnin er ekki reiðubúin að fallast á frekari hátekjuskatt.

Það er því ljóst að til þess að fjármagna lækkun matarskatts, að ógleymdum kostnaði við aðrar aðgerðir sem voru uppi á borðinu í viðræðum ASÍ og VSI við ríkisstjórnina, vantar að minnsta kosti tvo milljarða á næsta ári. Til að setja þessar tölur í samhengi má minna á að á síðasta ári tókst ríkisstjórninni einungis að skera niður rekstrargjöld ríkisins um tvo milljarða og kom sá niðurskurður þó illa við marga.

Á fundi BSRB með þremur af ráðherrum ríkisstjórnarinnar skömmu fyrir páska kom fram að til að brúa þetta gap ætlar ríkisstjórnin sér að beita niðurskurðarhnífnum. Það getur haft í för með sér stórfelldan niðurskurð á þjónustu ríkisins; skerðingu á tilfærslum, svo sem barna-, vaxta- og atvinnuleysisbótum, og/eða aukna gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og ráðstafanir á borð við hækkun skólagjalda í menntakerfinu.

Því virðist ljóst að þær krónur, sem skila sér í vasa láglaunafólks vegna lækkunar matarskatts, verði fjármagnaðar með aðgerðum sem geta bitnað mjög harkalega á láglaunafólki og þeim hópum sem verst standa að vígi, sjúklingum og bótaþegum.

Tekjujöfnun.

Það er staðreynd að matvörur eru mjög dýrar hér á landi og mikið til þess vinnandi að lækka matarkostnað heimilanna. En áður en farið er út í svo róttæka skattkerfisbreytingu sem lækkun virðisaukaskatts á matvæli er, skattkerfisbreytingu sem ljóst er að verður fjármögnuð með stórfelldum niðurskurði í velferðarkerfinu, þurfum við að vera sannfærð um að lækkun matarskatts feli í raun í sér þá tekjujöfnun sem henni er ætlað. Mér vitanlega voru engar athuganir gerðar á því hvernig þessar aðgerðir gagnist þeim tekjulægstu áður en slitnaði upp úr viðræðum ASÍ og VSI við ríkisstjórnina.

Ein helsta röksemdin fyrir því að lækkun matarskatts hafi áhrif til tekjujöfnunar er sú að talið er að stærrí hluti tekna láglaunafólks fari til kaupa á matvælum en hinna tekjuhærrí. Engar opinberar tölur eru tiltækar um matarútgjöld fólks með mismunandi tekjur. Þó ætti neyslukönnun Hagstofunnar 1990 vegna útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar að geta gefið einhverja vísbendingu um samhengið milli tekna, fjölskyldustærðar og matarútgjalda.

En þó að engar athuganir liggi fyrir hér á landi um matarútgjöld mismunandi tekjuhópa eða raunveruleg tekjujöfnunaráhrif lækkunar matarskatts getum við nýtt okkur niðurstöður rannsókna annarra þjóða um þessi mál.¹

Meginniðurstöður þeirra athugana, sem gerðar hafa verið á áhrifum breytinga á matarskatti, eru mjög á einn veg:

1. Mishá skatthlutföll í virðisaukaskatti eru dýr í framkvæmd fyrir verslunina, gera skatteftirlit erfitt og auka möguleika á skattsvikum.
2. Óvíst er að hve miklu leyti lækkun virðisaukaskatts skilar sér til neytenda. Talið er að alltaf megi reikna með að hluti lækkunarinnar verði eftir hjá framleiðendum og í versluninni. Vert er í þessu sambandi að rifja upp að í haust lækkuðu bændur verð á nautakjöti án þess að séð yrði að lækkunin skilaði sér í lægra verði til neytenda.

3. Mishá skatthlutföll gefa rangar upplýsingar um raunverulegt verð vöru og geta því breytt neysluvenjum.
4. Lækkun matarskatts gagnast betur barnafjölskyldum en barnlausum fjölskyldum með sömu tekjur.
5. Sem leið til tekjujöfnunar er lækkun matarskatts ómarkviss. Í krónum talið er hagnaður af lækkun matarskatts meiri hjá tekjuhærrri fjölskyldum en þeim tekjulægri. Bent er á að aðrar aðferðir séu í senn ódýrari og markvissari.

Dæmisaga frá Noregi.

Nýjasta athugunin um breytingar á virðisaukaskatti á matvöru var unnin af norskri sérfræðinganefnd fyrir fjármálaráðuneytið þar í landi og kom hún út í febrúar sl.² Nefndinni var sérstaklega falið að athuga áhrif lækkunar matarskatts á tekjudreifinguna í þjóðfélaginu.

Niðurstöður nefndarinnar eru, eins og annarra á undan henni, að lækkun matarskatts sé lítt skilvirk tekjujöfnunaraðgerð. Til að skýra þessa niðurstöðu má taka sem dæmi útreikninga nefndarinnar um áhrif lækkunar matarskatts á ráðstöfunartekjur „norsku meðalfjölskyldunnar“ (þ.e. fjölskylda með 1,4 fullorðna og 0,9 börn).

Útreikningarnir sýna að fjölskylda með 100 þúsund norskar krónur í neysluútgjöld (neysluútgjöld eru tekjur að frádregnum skatti og sparnaði) á ári sparaði 2.200 nkr. væri matarskattur lækkaður um helming, en fjölskylda með 300 þúsund nkr. í neysluútgjöld um 3.300 nkr. á ári. Sparnaður tekjuhærrri fjölskyldunnar yrði um 1.100 nkr. meiri en þeirrar tekjulægri.³ Í krónum talið er sparnaðurinn meiri eftir því sem tekjurnar eru hærri.

Prósenturnar segja ekki alla söguna.

Það sem gerir að menn telja að lækkun matarskatts gagnist láglaunafólki er að þegar sparnaðurinn er skoðaður sem hlutfall af tekjum er hagnaðurinn í prósentum meiri hjá láglaunafólki. Í dæminu hér að ofan aukast ráðstöfunartekjur tekjulægri fjölskyldunnar um 2,2% en þeirrar tekjuhærrri aðeins um 1,1%. Ráðstöfunartekjurnar aukast meira hjá þeim tekjulægri, en í krónum talið fer meira til hátekjufjölskyldunnar. Breskar niðurstöður sýna að 63% af sparnaði vegna lækkunar matarskatts fellur í hlut þeirra sem hafa tekjur yfir meðaltekjum.

Hagfræðingur ASÍ kemst að svipaðri niðurstöðu um prósentuhækkun ráðstöfunartekna í grein í Pressunni 21. apríl 1993. Þar segir hann: „... ráðstöfunartekjur hjóna með tvö börn og rúmlega 100 þús. kr. í mánaðartekjur mundu aukast um 2,3% ef matarskatturinn yrði lækkaður með þessum hætti, en um rúmlega 1% hjá hjónum með yfir 400 þús. kr. mánaðartekjur sem jafnframt þyrftu að greiða hátekjuskatt.“ Þetta er svipuð niðurstaða og í norska dæminu, ráðstöfunartekjurnar aukast meira hjá þeim lægstlaunuðu. Sé dæmið reiknað út frá gróða fjölskyldunnar í krónum talið, þá eru 2,3% af 100 þúsundum 2.300 krónur, en 1% af 400 þúsund krónum er 4.000 krónur. Hagnaður hátekjufjölskyldunnar er því 1.700 krónum meiri en lágtekjufjölskyldunnar.

Niðurstaðan er því ótvíræð; lækkun matarskatts er óskilvirk sem tekjujafnandi aðgerð. Aðgerðin er dýr miðað við árangur þar sem allt of margar krónur falla í hlut þeirra tekjuhærrri.

Aðrir kostir.

En hvað er til ráða? Ef ríkissjóður á að fjármagna kjarasamninga á annað borð þá eru til ýmsar skilvirkari og jafnframt ódýrari aðgerðir til tekjujöfnunar í gegnum skatta- og tilfærsluferfið en lækkun matarskatts.

Í norsku athugininni var athugað hvað gerðist ef sömu upphæðinni — allri skattalækkuninni — væri dreift jafnt á allar fjölskyldur. Við þetta fengju allar fjölskyldur 2.700 nkr. Þessi upphæð er 500 nkr. hærri fyrir tekjulægri fjölskylduna en í matarskattsdæminu en 600 krónum lægri fyrir tekjuhærri fjölskylduna. Þessi aðferð er því skilvirkari sem tekjujöfnunaraðferð en lækkun matarskatts, en tekjutap ríkissjóðs er þó hið sama.

Þetta er svipuð aðferð og hækkun persónuafsláttar, þ.e. sömu upphæð er dreift jafnt á alla fullorðna einstaklinga í þjóðfélaginu, nema hvað þeir sem eru undir skattleysismörkum nytu ekki góðs þar af.

Skilvirkt en ódýrara.

Eins og vikið var að hér að ofan benda flestar rannsóknir til þess að lækkun matarskatts gagnast betur barnafjölskyldum en barnlausum fjölskyldum með sömu tekjur. Í norsku rannsókninni var gerður samanburður á tekjujöfnunaráhrifum lækkunar matarskatts og hækkunar barnabóta. Niðurstaðan var sú að ná mætti þrisvar sinnum meiri tekjujöfnunaráhrifum í þjóðfélaginu með hækkun barnabóta en með lækkun matarskatts. Með öðrum orðum: Það er hægt að ná sömu tekjujöfnunaráhrifum með þrisvar sinnum minni tilkostnaði með hækkun barnabóta í stað þess að lækka matarskatt.

Á svipaðan hátt eru færð fyrir því rök að hækkun bóta — atvinnuleysisbóta, elli- og örorkubóta — sé markvissari aðgerð til að bæta hag þessara hópa en lækkun matarskatts.

Lokaorð.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er lækkun virðisaukaskatts á matvæli ómarkviss aðgerð til tekjujöfnunar. Sýnt er að í krónum talið vex sparnaður fjölskyldna vegna lækkunar matarskatts með tekjum — þvert á sett markmið.

Eðlilegt er að fjármálaráðuneytið kanni áhrif lækkunar matarskatts á tekjudreifinguna í þjóðfélaginu með matarútgjöld mismunandi tekjuhópa með úrtakskönnun Hagstofunnar sem grunn áður en það gengst inn á svo stórfellda skattkerfisbreytingu sem lækkun virðisaukaskatts á matvæli er, skattkerfisbreytingu sem þar að auki á að fjármagna með stórfelldum niðurskurði til velferðarmála.

Enginn mælir á móti því að verð á matvöru er óheyrilega hátt hér á landi og full ástæða er til að leita leiða til að ná niður matarkostnaði. En í þeirri kröppu stöðu sem við erum í er rétt að leita heildstæðari lausna, svo að við getum verið þess fullviss að krónurnar leiti þangað sem þeirra er mest þörf.

Heimildir:

¹ Sjá m.a.:

Noregur: Bør merverdiavgiften differensieres? Morges offentlige utredninger, NOU 1993:8.

Svíþjóð: Översyn av skattesystemet. Statens offentliga utredningar, SOU 1977:91, Skall matmomsen slopas. Statens offentliga utredningar, SOU 1983:54, og Reformerad mervärdeskatt. Statens offentliga utredningar, SOU 1989:35.

Bretland: Extending the VAT Base: Problems and Possibilities (1985) og Tax Reform for the Fourth Term (okt. 1992), báðar unnar af Institute for Fiscal Studies í London.

Þar sem t.d. matvara og barnaföt eru undanþegin skatti þá fjalla bresku rannsóknirnar um hvað gerist ef lagður er skattur þessarar vörur — þ.e. ef skattstofninn er breikkaður og tekjurnar nýttar til annarra tekjujafnandi aðgerða, svo sem hækkunar barnabóta, skattleysismarka.

² Bör merverdiavgiften differensieres? Norges offentlige utredninger, NOU 1993:8.

³ Sambærilegt dæmi er reiknað fyrir fleiri fjölskyldurgerðir, svo sem einstætt foreldri með eitt barn, fjölskyldu með tvö börn, en það breytir ekki þeirri staðreynd að í krónum talið eykst hagnaðurinn með tekjunum.

Fylgiskjal V.

Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands.

(1. desember 1993.)

Meginefni frumvarpsins snýr að þeim breytingum á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld sem leiðir af yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var í tengslum við kjarasamninga á liðnu vori um lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins er ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar um það málefni í heild sinni. Óski þingnefndin eftir frekari skýringum eða viðhorfum til einstakra þátta þessa máls verður að sjálfsgöðu orðið við því. Þó er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeirri missögn, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að tryggt sé jafnræði með sölu á tilbúnum réttum úr verslunum annars vegar og veitingahúsum hins vegar. Þar ber mikið í milli samkvæmt Sambandi veitinga- og gistihúsa, en niðurstaða athugunar þess er að samkeppnisstaða verslana, sem selja tilbúna rétti til neytenda, muni batna miðað við veitingahús sem bjóða svipaða rétti, einkum svonefnda skyndibitastaði.

Þá er í þessu samhengi óhjákvæmilegt að lýsa verulegum áhyggjum af áhrifum álagningar virðisaukaskatts á gistihús sem áformað er að taki gildi frá næstu áramótum. Þó er enn frekar tilefni til að lýsa efasemdum varðandi áformin að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innan lands. Hvort tveggja skerðir samkeppnisstöðu ferðamannaþjónustunnar. Fullt tilefni hefði verið til þess að skjóta frekari stöðum undir samkeppnishæfni þessarar mjög svo mikilvægu vaxtargreinar í íslensku atvinnulífi en ekki leggja stein í götu uppbyggingar þessarar atvinnugreinar sem talin er hafa nokkra möguleika í frekari gjald-eyrisöflun og atvinnusköpun ef rétt er á málum haldið.

Þótt efndir ríkisstjórnarinnar á fyrirheitum um lækkun virðisaukaskatts á matvæli sé að hluta mætt með hækkun launaskatta á atvinnulífið og þar með fráhrarfi frá þeirri stefnumörkun aðila vinnumarkaðarins að bæta samkeppnisstyrki atvinnulífsins með því að halda launakostnaði fyrirtækjanna óbreyttum næstu missirin er heildarávinningurinn, af óbreyttu kaupgjaldi og a.m.k. 14 mánaða friði á vinnumarkaði, ótvíræður að mati VSÍ.

Að því er aðra þætti varðar vill Vinnuveitendasambandið sérstaklega minna á erindi sitt til nefndarinnar, dags. 20. október sl., viðvíkjandi frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda sjálfstætt starfandi atvinnurekenda. VSÍ metur það svo að óhjákvæmilegt sé að bregðast við þessu brýna vandamáli nú þegar. Eðlilegur vettvangur fyrir slíkar breytingar er frumvarp um breytingar í skattamálum. Hér er bæði tilefni og tækifæri til að kveða upp úr um

rétt sjálfstætt starfandi manna til að draga þann hluta greidds iðgjalds til lífeyrissjóðs, sem umfram er 4% af launum, frá sem önnur rekstrargjöld áður en skattur er lagður á rekstrarhagnað eða laun. Aðeins þannig verður þegar tryggt að þessi hópur atvinnurekenda þurfi ekki lengur að búa við þá fádæma mismunun að sá iðgjaldshluti, sem atvinnureksturinn almennt ber, sé ekki frádráttarbær í rekstraruppgjöri þeirra. Vinnuveitendasambandið treystir því að háttvirt efnahagsnefnd hlutist til um nauðsynlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt svo að framangreindu máli verði ráðið til lykta með ásættanlegum hætti.

Virðingarfyllt,

Þórarinn V. Þórarinsson.

Fylgiskjal VI.

Umsögn Neytendasamtakanna.

(8. desember 1993.)

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. Athugasemd við 10. gr.

Neytendasamtökin telja óeðlilegt og óréttlátt að mismuna rekstrarformum lögaðila eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. Neytendasamtökin hafa lagt áherslu á að samkeppnisaðilar á markaði byggju við sömu aðstöðu af hálfu stjórnvalda. Samkvæmt samkeppnislögum er fyrirtækjum, óháð því hvort um er að ræða félög með takmarkaðri eða ótakmarkaðri ábyrgð, ætlað að starfa á sama grundvelli við samskonar markaðsaðstæður. Það er því ljóst að mismunandi skatthlutfall samkeppnisaðila veldur lakari rekstrarmöguleikum félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð.

Neytendasamtökin telja það gjörsamlega út í hött, að í þeim tilvikum þar sem einstaklingar taka ábyrgð á rekstri sínum skuli þeim gert að greiða hærri tekjuskatt en þeim félögum þar sem ábyrgð eignedanna er takmörkuð og þeir verða sjaldnast fyrir alvarlegum skakkaföllum þó illa fari.

2. Athugasemd við 17. gr. tl. a.

Neytendasamtökin mótmæla því að lagður verði virðisaukaskattur á fólksflutninga innanlands. Það er ljóst að þessi skattlagning mun fyrst og fremst bitna á þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og mest á þeim sem búa lengst frá höfuðborgarsvæðinu og eru hvað háðastir flugsamgöngum. Einnig verður framkvæmd skattlagningarinnar og undanþága samkvæmt 17. gr. tl. a. nánast óframkvæmanleg. Einnig telja Neytendasamtökin rangt að skattleggja strætóþjónustu sérstaklega, það tíðkast fremur í nágrennalöndum okkar að stjórnvöld greiði niður þessa þjónustu, enda þjóðhagslega hagkvæmt. Því mælast Neytendasamtökin til þess að fallið verði frá skattlagningu á fólksflutninga.

3. Athugasemd við 18. gr.

Neytendasamtökin hafa ítrekað vakið athygli á því að matvæli, einkum þau sem framleidd eru hér á landi, séu iðulega seld við miklu hærri verði en gerist í nágrennalöndum okkar. Neytendasamtökin hafa í þessu sambandi bent á að það sé fráleitt, að einn hæsti virðisaukaskattur í Evrópu leggist ofan á ein dýrustu matvæli í Evrópu. Það er til of mikils

mælst að neytendur séu látnir bera ábyrgð á því miðstýrða kerfi sem hér ríkir varðandi framleiðslu og verðlagningu búvara. Þó tekur út yfir allt að láta neytendur síðar líða aukið óhagræði með þeirri skattheimtu sem nú viðgengst á matvæli. Af þessum ástæðum styðja Neytendasamtökin annað og lægra virðisaukaskattsþrep á matvæli.

Neytendasamtökin telja samt ástæðu til að benda á að með því að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti, er verið að veikja kerfið og hugsanlega að auðvelda undanskot. Jafnframt er líklegt að kerfið verði dýrara í framkvæmd, m.a. vegna aukins skattaeftirlits.

Neytendasamtökin telja mikilvægt að virðisaukaskattur sé almennt lækkaður frá því sem hann nú er. Lækkun virðisaukaskatts yrði íslensku atvinnulífi lyftistöng og myndi með þeim hætti koma almenningi sem og öllu þjóðarbúinu til góða.

Neytendasamtökin hafa haft þá megin stefnu að ekki eigi að mismuna vörum eða vöruflokkum sem á markaðnum eru, nema í algjörum undantekningartilvikum. Þar má nefna ef um er að ræða ótvíræðar hollustuvörur, sem engar aðrar vörur á markaðnum geti komið í staðinn fyrir. Þær breytingar sem ráðgerðar eru samkvæmt 18. gr. frumvarpsins eru að mati samtakanna um margt vanhugsaðar og fráleitt að samþykkja slíka breytingu, nema fyrir liggi fyrirfram nákvæmlega til hvaða vöruflokka þær skuli taka.

4. Athugasemd við 39. gr.

Neytendasamtökin eru alfarið á móti hækkun bifreiðagjalds. Með slíkri hækkun er verið að afla tekna til að standa undir útgjöldum sem leiða af afnámi aðstöðugjalds og síðustu kjarasamningum á amennum vinnumarkaði. Neytendasamtökin telja ekki eðlilegt að bifreiðaeigendum sé gert að bera kostnað af þessu. Þá telja Neytendasamtökin varhugavert að mismuna bifreiðaeigendum eftir þyngd bifreiða.

Neytendasamtökin hafa almennt ekki haft afskipti af eða tjáð sig varðandi tollamál að öðru leyti en því að samtökin hafa mótmælt því að lagðir séu á sérstakir verndartollar. Samkvæmt frumvarpinu er slík tollastefna ráðgerð m.a. hvað varðar innflutningstolla á erlent smjörliki, svo og ýmsar tollahækkanir á matarolíur og feiti. Neytendasamtökin benda á að þessar tollalækkanir standast ekki ákvæði væntanlegra GATT samninga.

Neytendasamtökin telja miður að fallið skuli hafa verið frá áformi um skattlagningu fjármagnstekna. Neytendasamtökin telja í samræmi við sjónarmið sem fram hafa komið og m.a. er lýst í þessu álitni, að skattleggja eigi allar tekjur með sama hætti óháð því hvernig þær verða til. Þannig beri að leggja sambærilegan skatt á tekjur hvort heldur eru um fjármagnsskatt að ræða, að af atvinnurekstri, leigu húsnæðis eða peninga sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,

Jóhannes Gunnarsson formaður.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Íslenskrar verslunar. (8. desember 1993.)

Íslensk verslun, þ.e. Bílgreinasambandið, Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á skattamálum:

1. *Breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt.* Samtökin telja ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum um tekju- og eignarskatt.

2. *Virðisaukaskattur.* Frá því að stjórnvöld mörkuðu þá stefnu að Ísland yrði aðili að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hefur það verið skoðun samtakanna að stefna bæri að því að samræma skatta fyrirtækja hér á landi því sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Því er það skoðun samtakanna að stefna beri að tveggja þrepa virðisaukaskatti til samræmis við stefnu Evrópubandalagsins þar sem lægra þrepið (a.m.k. 5%) legðist á nauðsynjavörur og vörur sem hafa menningarlega þýðingu, t.d. matvöru, lyf, bækur, blöð, leikhús og kvikmyndahús, en hærra þrepið (a.m.k. 15%) væri hið almenna skattþrep. Þessu til viðbótar væri eðlilegt að breikka núverandi gjaldstofn þannig að virðisaukaskattur yrði sem næst undanþágulaus. Má nefna að enn eru stórar atvinnugreinar með öllu undanþegnar virðisaukaskatti, svo sem tryggingar og fólksflutningar.

Þar sem virðisaukaskattur á Íslandi er enn mun hærri en efra þrep Evrópubandalagsins telja samtökin að heppilegra hefði verið sem fyrsta skref í samræmingarátt að byrja á því að breikka almenna gjaldstofninn og lækka um leið skatthlutfallið.

Með þessu hefði mátt leysa ýmis tæknileg vandamál við útfærslu virðisaukaskattsins, þ.e. framkvæmd og eftirlit, auk þess sem reikna má með betri skattskilum eftir því sem hlutfallið er lægra.

Samtökin gera tillögu um breytingu á 19. gr. frumvarpsins og hljóði hún svo:

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður, er verður 2. málsl., er orðist svo: Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að aðilar, sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs, endurbyggingar eða endursölu í atvinnuskyni, geti við kaup reiknað sér innskatt sem skráður er á sérstakan reikning og nemur 19,68% af kaupverði vörunnar.

Varðandi þessa tillögu til breytingar á 19. gr. er um það að ræða að fella niður „af óskattskyldum aðilum“ því slík kaup geta bæði verið af óskattskyldum og skattskyldum aðilum þar sem m.a. sala vátryggingafélaga á tónamunum, sem þau hafa yfirtekið í tengslum við greiðslur skaðabóta, er skattskyld vörusala. Einnig er oft ekki ljóst við kaup hvort t.d. tjonabílar verða seldir sem varahlutir eða endurbyggðir þannig að eðlilegt er að heimildir nái til þess einnig, svo og endursölu.

3. *Tryggingagjald.* Með niðurfellingu aðstöðugjalds var stigið stórt skref í þá veru að jafna aðstöðumun atvinnugreina hér á landi en mismunurinn í skattlagningu milli atvinnugreina hefur viðgengist um áratuga skeið. Með breytingum, sem gerðar hafa verið á tryggingagjaldi á undanförunum missirum, hefur enn á ný verið tekin upp sú stefna að mismuna atvinnugreinum. Íslensk verslun mótmælir harðlega því óréttlæti sem felst í slíkri mismunum á milli atvinnugreina og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki slíkum ákvörðunum. Það skatthlutfall tryggingagjalds, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mis-

munar atvinnugreinum um 123%. Þessu til viðbótar fá sumar atvinnugreinar tryggingagjaldið endurgreitt. Vafasamt er að þessi mismunur fái staðist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Samtökin líta á þennan mismun sem beinan styrk við tiltekna atvinnugreinar hér á landi.

4. *Vörugjöld.* Íslensk verslun ítrekar fyrri mótmæli sín gegn fyrirhugaðri álagningu vörugjalda. Samtökin telja vörugjöldin íþyngja verslunarfyrtækjum í samkeppni við fyrirtæki í nágrennalöndunum. Það er skoðun samtakanna að svo víðtæk álagning sem hér er fyrirhuguð hafi ígildi tolla og stangist því á við 10. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði um bann við álagningu tolla og annarra gjalda sem hafa samsvarandi áhrif. Þetta á ekki síst við í þeim tilfellum þar sem fyrirhugað er að leggja vörugjöld á innflutta vöru án þess að samsvarandi framleiðsla sé fyrir hendi innan lands.

Með vinsemd og virðingu,
Íslensk verslun,

*Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri BGS,
Stefán S. Guðjónsson, framkvæmdastjóri FÍS,
Magnús E. Finnsson, framkvæmdastjóri KÍ.*

Fylgiskjal VIII.**Umsögn Kaupmannasamtaka Íslands.**

(10. desember 1993.)

Með tilvísan til fundar, sem fulltrúar Kaupmannasamtaka Íslands áttu með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um virðisaukaskatt 8. desember sl., vilja samtökin árétta eftirfarandi:

Það er skoðun samtakanna að með eins þreps virðisaukaskatti verði innheimta skattsins skilvirkust og kostnaður verslunarinnar við innheimtu skattsins lægstur.

Hins vegar hafa samtökin tekið undir þau sjónarmið að ef nauðsyn krefur verði íslenska virðisaukaskattskerfið aðlagð sambærilegu kerfi sem í gildi er hjá þeim þjóðum sem við komum til með að eiga samleið með og við eigum í samkeppni við.

Samtökin hafa hins vegar haft miklar áhyggjur af framkvæmd tveggja þrepa virðisaukaskatts sem nú er lagt til að tekinn verði upp hér á landi um nk. áramót, sérstaklega með tilliti til skamms fyrirvara sem gefinn er til undirbúnings. Samtökin hafa því tekið saman meðfylgjandi greinargerð þar sem gerð er grein fyrir því hvernig ná má sama árangri í innheimtu skattsins þó að notast verði við eitt þrep.

Virðingarfyllst,
f.h. Kaupmannasamtaka Íslands,

Bjarni Finnsson formaður.

Greinargerð um fyrirhugaða breytingu á virðisaukaskattskerfinu.

(10. desember 1993.)

Telja verður augljóst að með fyrirhugaðri breytingu sé vegið alvarlega að virðisaukaskattskerfi sem er hlutlaus og tiltölulega einföld innheimta og skilvirk fyrir ríkissjóð. Sú breyting, sem fyrirhuguð er, brýtur þetta kerfi niður og verður til tjóns fyrir hagsmuni almennings og veldur auknum kostnaði hjá verslunum við innheimtu skattsins.

Breytingin mun mismuna verslun, auka kostnað við verslun og vörudreifingu og opna leiðir til undanskots hjá þeim sem óprúttir eru. Þannig skapast betri samkeppnisstaða hjá óprúttum aðilum á kostnað annarra og ríkissjóðs. Þar að auki mun veikleiki kerfisins verða skráður á reikning verslunarinnar og þeirra sem standa heiðarlega að viðskiptum.

Hætt er við að breytingin muni leiða til ófyrirséðs tekjutaps hjá ríkissjóði, flækja framkvæmd skattheimtu og auka kostnað. Breytingin mun ekki koma neytendum til góða að því marki sem talið var í fyrstu. Í frjálsri samkeppni mun breyting skatta ekki einhlítt leiða til verðbreytingar og aukinn kostnaður við framkvæmd hlýtur að hækka vöruverð.

Ekkert hefur verið hugað að breyttri framkvæmd við innheimtu skattsins í verslunum landsins og er fullljóst að ómögulegt er að koma breytingunni í framkvæmd á þeim tíma sem til stefnu er.

Fulltrúar samtakanna hafa af þessu tilefni átt viðræður við forustumenn þeirra samtaka launafólks sem eiga aðild að kjarasamningum og tengjast máli þessu. Þeim eru ljósir þeir

miklu annmarkar sem eru á fyrirhugaðri breytingu og hafa þeir tjáð sig reiðubúna til þess að leggja að jöfnu aðrar þær breytingar sem jafngildar geta talist fyrir launafólk.

Fulltrúar samtakanna hafa einnig rætt við forustuaðila þeirra vinnuveitenda sem að þessum samningum standa. Þeir hafa í samræmi við það sem áður hefur komið fram hjá þeim látið í ljós efasemdir um breytingarnar sem undirbúnar hafa verið og eru reiðubúnir til breytinga sem ekki raska gildandi kjarasamningum.

Fulltrúar annarra launþegasamtaka en að framan greinir hafa þegar lýst eindreginni andstöðu við hinar fyrirhuguðu breytingar.

Af hálfu talsmanna stjórnmalaflokkanna hafa komið fram verulegar efasemdir um þessar breytingar. Forsætisráðherra hefur í fjölmiðlum látið í ljós að hann telji aðrar leiðir betri og fjármálaráðherra hefur gagnrýnt þá kerfisbreytingu sem verið er að gera. Forustumenn hins stjórnarflokksins hafa einnig gagnrýnt þessa leið og sama er að segja um formann efnahags- og viðskiptanefndar og fleiri talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna.

Með hliðsjón af framansögðu skora Kaupmannasamtök Íslands á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, sem hefur málið nú til meðferðar, að beita sér fyrir breytingum á fyrirbyggjandi lagafrumvarpi.

Telja samtökin að falla eigi frá áformum um tvö þrep í virðisaukaskatti. Í stað þess eigi að nýta það endurgreiðslukerfi innan skattsins sem nú tekur til flestra mjólkurvara, kindakjöts, fisks og grænmetis og láta það taka til alls innlends matvöruhræfnis. Þessi leið mun að mestu hafa sömu áhrif á verð matvöru úr innlendu hráefni og lækkun VSK en kostar aðeins brot af því sem áætlað er að lækkunin kosti. Til þessa verði varið 400–500 millj. kr. Alls er áætlað að verja til VSK 2,5 milljörðum kr. Þannig að mismuninum má verja til skattalegra breytinga sem koma launafólki betur en lækkun VSK á matvöru. Má t.d. nefna lækkun tekjuskatts, hækkun persónufrádráttar og hækkun barnabóta og bóta tryggingakerfisins. Einnig má nefna lækkun almenna VSK-hlutfallsins sem ekki gæti síður haft í för með sér jákvæð verðlagsáhrif en lækkun VSK á aðeins fáar vörutegundir, svo og að horfið verði frá skattlagningu á innanlandsflug og almenningssamgöngur sem í senn íþyngir tekjulágum og dreifbýlissólki.

Kaupmannasamtök Íslands skora á nefndina að skoða meðfylgjandi tillögur og hverfa frá fyrirhuguðum breytingum á VSK.

Fylgiskjal IX.

*Fjármálaráðuneytið,
efnahagsskrifstofa:*

Áhrif 14% VSK á útgjöld vísitölufjölskyldunnar. (30. mars 1993.)

Að undanfögnu hefur sú hugmynd að leggja 14% VSK á matvæli mikið verið rædd meðal aðila vinnumarkaðarins. Með þeirri ráðstöfun telja þeir að best verði komið til móts við þá sem hafa lægstu tekjurnar, enda vegi þau útgjöld hlutfallslega þyngst hjá þeim hópi. Lauslega áætlað mundi slík ráðstöfun kosta ríkissjóð nálægt 4 milljörðum kr. og lækka almennt verðlag að jafnaði um 1½%.

Til að glöggva sig betur á þessum áhrifum voru skoðaðir útgjaldareikningar tæplega 300 barnafjölskyldna. Þessir reikningar eru hluti af neyslukönnun sem lögð var til grund-

vallar nýlegri endurskoðun Hgastofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Einnig voru skoðaðar framtaldar tekjur þessara sömu fjölskyldna fyrir árið 1990 framreiknaðar til marsverðlags 1993. Auk þess eru reiknaðar ráðstöfunartekjur þeirra, þ.e. framtaldar tekjur að frádregnum tekjuskatti en að viðbættum barnabótum, miðað við gildandi reglur. Útgjaldatölur eru á sambærilegu verðlagi. Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður þessarar athugunar dregnar saman:

Tekjur og útgjöld barnafjölskyldna miðað við verðlag í mars 1993.

Árstekjur, m.kr.	1-1,5	1,5-2	2-2,5	2,5-3	3-3,5	3,5-4	4-5	>5	Meðaltal
Fjöldi	18	38	58	61	45	31	28	12	291
Mánaðartölur, þús. kr.:									
Meðaltekjur	120	164	207	250	293	344	403	540	265
Tekjuskattur	-4	-21	-38	-56	-74	-95	-120	-183	-63
Barnabætur	17	11	5	5	5	5	5	5	5
Ráðstöfunartekjur ¹⁾	133	154	174	199	224	254	288	362	207
Matvælaútgjöld, meðaltal ²⁾	42	44	44	48	51	54	50	60	48
— lægsta tilvik í úrtaki	22	19	21	24	19	31	25	39	19
— hæsta tilvik í úrtaki	69	86	86	97	125	80	138	102	138
Matvæli sem hlutfall af:									
meðaltekjum, %	36,5	27,7	21,9	19,9	17,9	16,2	12,8	11,5	18,9
ráðstöfunartekjum, %	31,9	28,5	25,2	24,1	22,6	21,2	17,3	16,6	23,3
Áhrif 14% VSK á:									
verð matvæla, %	-6,7	6,9	-6,8	-6,8	-6,8	-6,7	-6,7	-6,5	-6,8
útgjöld, kr.	-3.000	-3.300	-3.200	-3.500	-3.700	-3.900	-3.500	-4.100	-3.500
ráðstöfunartekjur, %	2,3	2,2	1,8	1,8	1,7	1,5	1,2	1,1	1,7

¹⁾ Miðað er við að þessar fjölskyldur eigi tvö börn, annað eldra en 7 ára. Sú er hins vegar ekki reyndin í úrtakinu sem kann að skekkja myndina eitthvað.

²⁾ Kaup á gosdrykkjum og útgjöld á veitingahúsum eru hér undanskilin.

Í töflunni kemur fram að matvælaútgjöld tekjulægri fjölskyldna eru hlutfallslega meiri en þeirra sem hafa hærri tekjur. Samkvæmt könnuninni eyðir fjölskylda með 133 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði u.þ.b. þriðjungi tekna sinna í kaup á matvælum samanborið við rúmlega fimmtung hjá fjölskyldu með tæplega helmingi hærri tekjur, eða 254 þús. kr. á mánuði. Munurinn er líðlega 10%. Hins vegar er hann mun meiri þegar útgjöldin eru skoðuð sem hlutfall af tekjum án tillits til tekjuskatts og barnabóta, eða um 20%. Þetta frávik endurspeglar þá tekjujöfnun sem felst í tekjuskattskerfinu.

Lækkun VSK á matvælum úr 24½% í 14% eykur ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna um 1,7% að meðaltali miðað við fyrrgreint úrtak, eða um 3.500 kr. á mánuði. Þegar á heildina er litið er breytingin talin heldur minni, eða 1½% eins og áður var komið fram.

Á hinn bóginn þarf að skoða þessar niðurstöður með nokkrum fyrirvara, m.a. vegna þess að úrtakið er fremur lítið og því spurning um hversu marktækt það er. Þá kemur í ljós þegar matvælaútgjöldin eru skoðuð nánar að meðaltölin dylja veruleg frávik, eða frá 19 þús. kr. á mánuði upp í 138 þús. kr. Sem dæmi eyða fjölskyldur, sem eru með árstekjur á bilinu 3–3,5 millj. kr., allt frá rúmlega 8% upp í 55% af ráðstöfunartekjum sínum í matvæla kaup. Fjöldi barna kann að skipta hér einhverju máli en þau eru ýmist tvö eða þrjú. Þá er kostnaður vegna kaupa á tilbúnum mat á veitingahúsum og mótuneytum undanskilinn í þessu mati. Þetta tvennt skýrir þó tæplega þann mun sem hér kemur fram.

Fylgiskjal X.

*Kolbeinn Arinbjarnarson,
forstöðumaður innanlandsflugs
Flugleiða:*

**Áhrif virðisaukaskatts á fargjöld í innanlandsflugi.
(9. desember 1993.)**

	Fargjald fyrir hækkun		10% hækkun v. VSK **		Fargjald eftir hækkun	
	Fullt	Apex *	Fullt	Apex *	Fullt	Apex *
Frá/til Reykjavík						
Akureyri	12,650	6,490	1,232	616	13,882	7,106
Egilstaðir	16,770	8,550	1,644	822	18,414	9,372
Hornafjörður	14,810	7,570	1,448	724	16,258	8,294
Húsavík	14,270	7,300	1,394	697	15,664	7,997
Ísafjörður	11,830	6,030	1,150	570	12,980	6,600
Patreksfjörður	11,450	5,890	1,112	556	12,562	6,446
Sauðárkrókur	11,390	5,860	1,106	553	12,496	6,413
Pingeyri	11,330	5,330	1,100	500	12,430	5,830
Vestmannaeyjar	8,330	4,330	800	400	9,130	4,730
Via Akureyri						
Grimsey	16,650	8,490	1,632	816	18,282	9,306
Kópasker	16,770	8,550	1,644	822	18,414	9,372
Raufarhöfn	17,450	8,890	1,712	856	19,162	9,746
Pórshöfn	18,890	9,610	1,856	928	20,746	10,538
Vopnafjörður	18,890	9,610	1,856	928	20,746	10,538
Via Egilstaðir						
Borgarfjörður	18,950	9,640	1,862	931	20,812	10,571
Bakkafjörður	19,670	10,000	1,934	967	21,604	10,967
Breiðdalsvík	19,990	10,160	1,966	983	21,956	11,143
Fáskrúðsfjörður	19,990	10,160	1,966	983	21,956	11,143
Vopnafjörður	18,890	9,610	1,856	928	20,746	10,538

* Reglur um Apex fargjöld:

Lágmarksdvöl 3 nætur.

50% afsláttur af ársfargjaldi. Kaupa skal farseðla báðar leiðir.

Farseðla skal greiða um leið og bókað er. Bóka verður báðar leiðir á sama tíma með minnst 2ja daga fyrirvara.

Bókun má ekki breyta.

Engar endurgreiðslur.

** Gert er ráð fyrir 10% hækkun fargjald um áramót ef VSK er lagður á og tryggingargjald lækkað.

*** Fargjöld eru í krónum, reiknuð miðað við farseðil í báðar áttir.

Fylgiskjal XI.

*Stjórnarnefnd um almenningssamgöngur
og Almenningsvagnar bs.:*

Áhrif virðisaukaskatts á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. (Fréttatilkynning.)

Í 3. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt er meðal annars kveðið á um skattskyldu opinberra aðila, en þar segir að skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvíli á ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Í þessu samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á því að strætisvagnar eru ekki reknir í samkeppni við atvinnufyrirtæki enda ljóst að sú starfsemi er rekin með verulegum rekstrarhalla. Þess vegna er engin ástæða til þess að leggja virðisaukaskatt á þá þjónustu undir yfirsikinni samkeppnisaðstæðna.

Verði virðisaukaskattur hins vegar lagður á rekstur strætisvagna í þeim tilgangi að auka skatttekjur ríkissjóðs er rétt að vekja athygli alþingismanna á niðurstöðum athugana Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagkvæmni almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. í september 1992, en þar var árlegur ábati þjórðarbúsins af rekstri strætisvagna metinn á um 400–500 millj. kr. Komi til slíkrar skattlagningar bendir allt til þess að fargjöld strætisvagna muni hækka um a.m.k. 10–12%. Slík hækkun mun leiða til fækkunar farþega með strætisvögnum, draga verulega úr ábata þjórðarbúsins af rekstri strætisvagna og hafa gagnstæð áhrif á afkomu ríkissjóðs miðað við það sem álagningu skattsins er ætlað að hafa.

Heildarkostnaður við rekstur strætó, ferðaþjónustu fatlaðra og skólaakstur á höfuðborgarsvæðinu er áætlaður rétt um 1.100 millj. kr. á árinu 1994. Að teknu tilliti til frádráttar vegna greidds innskatts má gera ráð fyrir að heildaráhrif skattsins verði á bilinu 6–8% til hækkunar á kostnaði. Fyrir almenningssamgöngurnar í heild þýðir þetta kostnaðarauka að upphæð 65–85 millj. kr. á ári.

Það er ljóst að ferðaþjónusta fatlaðra og skólaakstur eru greidd að öllu leyti af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og rétt um helmingur af rekstri strætisvagnaþjónustunnar. Uptaka virðisaukaskatts nú um áramótin hefur því í för með sér verulegar kostnaðarhækkanir fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og með því er verið að leggja auknar byrðar á sveitarfélögin. Þetta er til viðbótar þeim álögum sem þegar renna til ríkisins vegna þessarar þjónustu, en sú tala er rétt um 140 millj. kr. á ári.

Það er túlkun fjármálaráðuneytisins að fólksflutningar, sem sveitarfélögin hafa með höndum eins og rekstur almenningssvagna, skólaakstur, þar með talinn akstur fatlaðra skólabarna, verði virðisaukaskattsskyldur frá og með 1. janúar 1994. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort reksturinn er beint á vegum sveitarfélaganna eða í formi niðurgreiðslna eða styrkja þar sem hvort tveggja kemur til með að vera skattskyld.

Ályktunartillaga samþykkt á fundi stjórnarnefndar um almenningssamgöngur.
(1. desember 1993.)

Stjórnarnefnd um almenningssamgöngur í Reykjavík skorar á ríkisstjórnina að endurskoða ákvörðun um 14% virðisaukaskatt á almenningssamgöngur.

Greinargerð.

Vakin er athygli á því að samkvæmt mati ríkisskattstjóra verður lagður virðisaukaskattur á framlag borgarinnar til þjónustu almenningssvagna, þ.e. því umfangsmeiri sem þjónusta almenningssvagna er þeim mun meira tekur ríkisvaldið í sinn hlut. Það er óviðunandi að ríkisvaldið seilist með þessum hætti í borgarsjóð. Kostnaðarauki strætisvagnareksturs í Reykjavík vegna þessa getur orðið á bilinu 40–45 millj. kr. Óvíst er hvernig þessum kostnaðarauka verður mætt. Ef hækkun fargjalda kemur ein til þarf 10–12% hækkun og jafnvel meira. Strætisvagnafargjöld eru lág í Reykjavík og á þessu ári hefur farþegum fjölgað töluvert. Það er afleitt að virðisaukaskattur komi til á sama tíma og tækifæri eru til að auka þjónustu almenningssvagna vegna bættrar afkomu. Þessi skattlagning vinnur gegn strætisvagnþjónustu. Með því að láta skattinn einungis ná til hluta almenningssamgangna skerðist samkeppnisstaða strætisvagna verulega.

Áskorun stjórnar Almenningsvagna bs.
(6. desember 1993.)

Stjórn Almenningsvagna bs. samþykkir að beina þeirri áskorun til þingmanna að koma í veg fyrir að 14% virðisaukaskattur verði lagður á rekstur strætisvagna um næstkomandi áramót.

Í 3. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt er meðal annars kveðið á um skattskyldu opinberra aðila, en þar segir að skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvíli á ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattkylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Í þessu samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á því að strætisvagnar eru ekki reknir í samkeppni við atvinnufyrirtæki enda ljóst að sú starfsemi er rekin með verulegum rekstrarhalla. Því þykja ekki lagaskilyrði til þess að leggja virðisaukaskatt á þjónustu strætisvagna með skírskotun til samkeppnisaðstæðna.

Verði virðisaukaskattur hins vegar lagður á rekstur strætisvagna í þeim tilgangi að auka skatttekjur ríkissjóðs er rétt að vekja athygli alþingismanna á niðurstöðum athugana Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagkvæmni almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. í september 1992, en þar var árlegur ábati þjóðarbúsins af rekstri strætisvagna metinn á um 400–500 millj. kr. Komi til slíkrar skattlagningar bendir allt til þess að fargjöld í vögnum Almenningsvagna bs. muni hækka um 12–16%. Slík hækkun mun leiða til fækkunar farþega með strætisvögnum, draga verulega úr ábata þjóðarbúsins af rekstri strætisvagna og hafa gagnstæð áhrif á afkomu ríkissjóðs miðað við það sem álagningu skattsins er ætlað að hafa.

Á undanförunum missirum hefur farþegum með strætisvögnum fjölgað verulega á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög á svæðinu hafa aukið mjög framlög til rekstrar strætisvagna sl. tvö ár í því skyni að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og stuðla að aukinni notkun strætisvagna út frá almennum og augljósum hagkvæmissjónar-

miðum. Hækkun virðisaukaskatts á rekstur strætisvagna og hækkun fargjalda af þeim sökum mun vinna gegn þessum markmiðum, Farþegum mun fækka, og hugsanlega kann til þess að koma að aðildarsveitarfélög Almenningsvagna bs., sem við stofnun félagsins höfðu fyrirheit frá stjórnvöldum um stuðning ríkisvaldsins við rekstur þess, muni draga sig út úr rekstri strætisvagna, enda er slíkur rekstur ekki skylduverkefni sveitarfélaga lögum samkvæmt.

Fylgiskjal XII.

Umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa.

(30. nóvember 1993.)

Stjórn Sambands veitinga- og gistihúsa hefur fjallað um ofangreint frumvarp og sendir hér með athugasemdir sínar við þau atriði sem skipta meginmáli í rekstri hótela og veitingahúsa.

18. og 28. grein

VIRÐISAUKASKATTUR Á MATVÆLI

Samkvæmt 18. grein frumvarpsins lækkar virðisaukaskattur á matvöru úr 24.5% í 14% og á það eingöngu við um matarsölu út úr verslunum. Veitingahúsin munu áfram eiga að búa við 24.5% VSK, jafnvel þótt þessi fyrirtæki séu að selja sömu vöruna. Til að koma í veg fyrir óhóflegan virðisauka inni í veitingahúsinu er í 28. grein kveðið á um endurgreiðslu til veitingahúsa, sem nemur 93.75% af innskatti. Í athugasemd um 18. gr. frumvarpsins segir að "þannig séu veitingahúsin gerð jafnsett þeim aðilum sem selja matvöru í lægra þrepinu." Þetta er fjarri öllu sanni eins og sýnt er fram á í hjálögðu dæmi.

En hvers vegna mótmælir SVG harðlega þessari mismunun á skattstigi verslana og veitingahúsa. Ástæðurnar eru einkum tvær eftirfarandi:

- ° Sala matvöruverslana á tilbúnum mat, jafnt heitum sem köldum, hefur farið vaxandi og er nú orðin mjög umfangsmikil. Er það skoðun efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að sala á tilbúnum mat t.d. þorramat, steiktum kjúklingum o.fl., sem fólk kaupir til að taka með sér heim, eigi að bera tvenns konar virðisaukaskatt og fari skatturinn eftir því í hvaða fyrirtæki er verslað?
- ° Sem kunnugt er blómstra viðskiptin í neðanjarðarhagkerfinu og mun vanta n.þ.b. 11 milljarða í ríkiskassann skv. nýrri skýrslu skattsvikanefndar. Talið er víst að veitingarekstur sé þar ofarlega á blaði. Ofangreind tillaga er gífurleg búbot fyrir svarta markaðinn, sem ekki greiðir útskatt, en situr þó uppi með innskattinn. Ef umrædd hugmynd nær fram að ganga lækkar kostnaður þeirra umtalsvert og samkeppnisstaða þeirra gagnvart veitingahúsum, sem skila sköttum og gjöldum verður mun tryggari en áður.

Það er því skýlaus krafa Sambands veitinga- og gistihúsa að veitingahúsin verði í lægra skattþreppinu á sama hátt og matvöruverslanirnar.

Flóknari skattareglur, mismununun fyrirtækja sem selja sömu vöruna og hagræðing fyrir svarta markaðinn - allt stingur þetta átakanlega í stúf við þá stefnu, sem við höldum að væri uppi. Því vill Samband veitinga- og gistihúsa beina því til efnahags- og viðskiptanefndar að íhuga málið vel og gæta þess að sambærileg fyrirtæki í landinu sitji við sama borð. Er ekki líka kominn tími til að hlúa að fyrirtækjum sem lifa ofanjarðar í stað þess að gefa þeim enn eitt sparkið?

14. grein

VIRÐISAUKASKATTUR Á GISTINGU

Varðandi þann 14% virðisaukaskatt sem leggjast mun á gistingu um næstu áramót viljum við taka fram eftirfarandi.

Ljóst er að ákvæðið um 14% VSK á gistingu er komið í lög, en þrátt fyrir allan málflutning SVG munu þingmenn almennt þeirrar skoðunar, sem fjármálaráðuneytið hefur boðað, að hótelin séu jafnsett þegar tekið hefur verið tillit til innskattsins sem þau hafa setið uppi með og lækun tryggingagjalds. Hjálagt eru útreikningar úr bókhaldi 5 hótela þar sem í ljós kemur að meðalhækkunarpörf gistingar er 7.2%. Þess má geta að hækkunarpörfin er mun meiri hjá hótelum og gistiheimilum sem reka enga veitingasölu. Þessi ákvörðun var því þungt högg á ferðaþjónustuna í landinu.

Það er ljóst að vegna gífurlegrar verðsamkeppni á alþjóðamarkaði, sérstaklega í helstu samkeppnislöndum okkar (Norðurlöndunum), er ekki hægt að hækka verð á gistingu í erlendri mynt.

SVG hefur lagt á það mikla áherslu að ef þingmenn eru ákveðnir í að láta skattinn ganga yfir gistinguna, þá sitji öll gisting í landinu við sama borð. Í umræddu frumvarpi eru tjaldstæðin tekin úr undanþágukaflanum að beiðni SVG og er það vel.

SVG hefur enn fremur lagt á það áherslu að orlofshús stéttarfélaganna sitji við sama borð. Stéttarfélagin eiga u.þ.b. 3000 orlofshús. Gisting þar er almennt seld hverjum sem kaupa vill þótt félagsmenn gangi alla jafna fyrir þegar eftirspurnin er mest. Sem dæmi má nefna Munaðarnes, þar er rekin umfangsmikil gisti- og veitingasala og er í auglýsingum lögð áhersla á ráðstefnuaðstöðu.

ENDURGREIÐSLA VEGNA FJÁRFESTINGA

Ef óhjákvæmilegt þykir að leggja umræddan 14% virðisaukaskatt á gistinguna hefur Samband veitinga- og gistihúsa bent á þann mikla kostnað sem bundinn er í uppsöfnuðum virðisaukaskatti á hótelsbyggingum landsins svo og varanlegum rekstrarvörum þar sem

hótelin hafa setið uppi með innskattinn frá upphafi. Það er því afar nauðsynlegt að hótelin fái endurgreiðslu á innskatti þessa tímabils. Hótel sem byggð hafa verið eða endurnýjuð síðustu árin eru ekki samkeppnisfær við hótelin sem byggð verða eftir næstu áramót og geta dregið frá allan innskatt vegna fjárfestingarinnar.

Samband veitinga- og gistihúsa ber því fram þá tillögu að við 32. grein frumvarpsins bætist ákvæði til bráðabirgða III er orðist svo:

III

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að endurgreiða þeim sem hafá haft með höndum útleigu á hótél- og gistiherbergjum, innskatt af fjárfestingu þeirra á árunum 1990 til 1993 í fasteignum og búnaði vegna útleigunnar.

Fulltrúar SVG óska eftir fundi með efnahags- og viðskiptanefnd vegna þessara mála.

Virðingarfyllt,
Samband veitinga- og gistihúsa,

Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri.

Yfirlit yfir áhrif álags á innskatt á rekstur veitingahúsa.

	Veitingahús	VSK.	Matvöru- verslanir	VSK.
Innkaupsverð hráefnis	1.000	140	1.000	140
Alag á innskatt	(130)	130		
Endanlegt innkaupsverð	<u>870</u>	<u>270</u>	<u>1.000</u>	<u>140</u>

Dæmi með 150% álagningu á hráefnisverð:

Söluverð m.v. 150% álagningu	2.850		2.850	
Virðisaukaskattur	(561)	561	(350)	350
	<u>2.289</u>		<u>2.500</u>	
Innkaupsverð	(870)		(1.000)	
Alagning í kr.	<u>1.419</u>		<u>1.500</u>	
Virðisaukaskattur til greiðslu		<u>291</u>		<u>210</u>

Dæmi með 100% álagningu á hráefnisverð:

Söluverð m.v. 100% álagningu	2.280		2.280	
Virðisaukaskattur	(449)	449	(280)	280
	<u>1.831</u>		<u>2.000</u>	
Innkaupsverð	(1.419)		(1.500)	
Alagning í kr.	<u>412</u>		<u>500</u>	
Virðisaukaskattur til greiðslu		<u>179</u>		<u>140</u>

Hótelrekstur á Íslandi

Yfirlit yfir áhrif virðisaukaskatts á hótelrekstur

Meðalrekstur 5 hótela

<u>Rekstraryfirlit:</u> Í þús. ÍKR:	Veltlingar	Hlutfall af veltu	Gisting	Hlutfall af veltu
Veitingasala / gisting	825,696	98.8%	851,449	89.6%
Aðrar tekjur	9,668	1.2%	98,559	10.4%
Tekjur samtals	835,364	100.0%	950,008	100.0%
Laun og launatengt	368,759	44.1%	213,851	22.5%
Annar kostnaður	425,955	51.0%	121,459	12.8%
Sameiginlegur kostn.	96,593	11.6%	105,150	11.1%
Aðstöðugjald	12,803	1.5%	7,382	0.8%
Kostnaður samtals	904,110	108.2%	447,842	47.1%
Framlegð fyrir vexti og afskriftir	(68,746)	-8.2%	502,166	52.9%
14% VSK á gistingu	0		119,203	12.5%
Innskattur v/ hótels	0		(29,318)	-3.1%
Innskattur v/ fjárfestinga	0		(8,295)	-0.9%
Tryggingargjald úr 6,0%-2,5%	(12,907)		(7,485)	
Aukin skattheimta sem % af gistitekjum			61,199 7.2%	6.4%

Forsendur:

1. Miðað er við meðaltal 5 hótela.
2. Fjögur þessara hótela eru í Reykjavík - eitt á landsbyggðinni.
3. Miðað er við rekstrartölur frá 1991

Fylgiskjal XIII.

Umsögn Félags íslenskra ferðaskrifstofa.

(3. desember 1993.)

Í framhaldi af beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis fylgja hér með athugasemdir þær sem forráðamenn ferðaskrifstofa hafa við álagningu virðisaukaskatts á ferðapjónustu.

Með breytingum á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 111/1992 var ferðapjónusta skattskyld í nýju 14% skatthlutfalli. Greinin í lögnum hljóðar þannig að "milliganga um ferðapjónustu" sé skattskyld. Þetta hugtak "milliganga um ferðapjónustu" var nýtt fyrir aðilum í ferðapjónustu, en var skilgreint þannig að um væri að ræða umboðslaun þau sem ferðaskrifstofur fá af þeim umboðsviðskiptum sem þær stunda.

Við teljum að gætt hafi nokkurrar vanþekkingar á starfsemi ferðaskrifstofa þegar ofangreind lagasetning fór fram því svo virðist sem talið hafi verið að sala ferðaskrifstofa á þjónustu gegn umboðslaunum sé aðalstarfsemi þeirra. Svo er þó ekki og í flestum tilfellum er slík þjónusta aðeins líttill hluti starfseminnar. Í stórum dráttum má skipta starfsemi ferðaskrifstofa í þrennt:

1. Sala í ferðir til útlanda, ýmist sólarlandaferðir eða aðrar skipulagðar ferðir.
2. Sala farseðla, hótलगistingar, bílaleigubíla o.fl. í umboðssölu. Hér er um að ræða sölu á þjónustu annarra aðila gegn umboðslaunum. Ferðaskrifstofurnar kaupa ekki þessa þjónustu og endurselja, heldur selja þær fyrir viðkomandi aðila gegn umboðslaunum, sem eru þá einu tekjur ferðaskrifstofunnar af þessum viðskiptum. Hér getur bæði verið um að ræða sölu á þjónustu fyrir innlenda og erlenda aðila og þjónustan getur bæði verið veitt innanlands og erlendis.
3. Sala í ferðir innanlands. Algengt er að ferðaskrifstofur reki innanlandsdeildir, þar sem boðið er upp á fyrirfram skipulagðar ferðir um landið. Ferðir þessar eru yfirleitt með ákveðnum brottförum og verð í þær er fast, óháð því hversu mörg sæti seljast í hverja brottför. Hér bera ferðaskrifstofur alla áhættu af ferðunum. Einnig eru oft gerð tilboð í ákveðnar ferðir fyrir tiltekna hópa ferðamanna. Í sjálfu sér er ekki mikill munur á þessum ferðum og föstum brottförum, nema hvað verð er breytilegt frá einum hópi til annars og skiptir miklu máli í því sambandi hvaða þjónusta er verið að selja í hvert sinn og hversu fjölmennir hóparnir eru.

Yfirvöldum var gerð grein fyrir því hversu fjölbreytt starfsemi ferðaskrifstofa er og að óljóst væri hvernig bæni að standa að innheimtu virðisaukaskatts. Við teljum eftir viðræður við fulltrúa Ríkisskattstjóra að ekki sé lengur ágreiningur um framkvæmd laganna hvað varðar tölulið 1 og 2 hér að framan. Hins vegar eru ennþá óleyst vandamál vegna svonefndra pakkaferða sem falla undir lið 3 hér að framan, en slík starfsemi hefur á undanföllum árum sífellt orðið mikilvægari þáttur í rekstri ferðaskrifstofa. Þegar fyrst voru settar vinnureglur um innheimtu virðisaukaskatts var sett fram sú krafa að allir reikningar sem ferðaskrifstofur gæfu út vegna pakkaferða yrðu sundurliðaðir þar sem greint væri frá þeirri þjónustu sem verið væri að selja lið fyrir lið ásamt álagningu ferðaskrifstofunnar. Þessi krafa var sett fram þar sem sú þjónusta sem ferðaskrifstofur kaupa vegna þeirra pakka sem

þær eru að selja er ýmist skattskyld með 0, 14 eða 24,5% skatthlutfalli og var þess krafist að útskarti á reikningum væri skipt í sömu hlutföllum og kostnaði.

Þessu fyrirhuguðu vinnureglum hefur harðlega verið mótmælt af forráðamönnum ferðaskrifstofa þar sem samkvæmt þessum reglum er verið að skylda ferðaskrifstofur að gefa upplýsingar um samsetningu einstakra kostnaðarliða í sínu söluverði. Slíkt kemur alls ekki til greina þar sem hér er um upplýsingar að ræða sem eru viðskiptaleyndarmál og koma viðskiptavinum eða keppinautum alls ekki við. Dæmi eru um að þeir aðilar sem selja ferðaskrifstofum viðkomandi þjónustu krefjast þess að ekki séu gefnar upplýsingar um þau verð sem gilda milli aðila. Einnig nefur verið bent á í þessu sambandi að um væri upplýsingar sem alls ekki væri hægt að gefa erlendum viðskiptaaðilum þar sem slíkt væri vísasta leiðin til þess að tapa þeim viðskiptum.

Vegna mótmæla og athugasemda af okkar hálfu hefur verið sett fram breyting á 14. gr. laga um virðisaukaskatt í fyrrgreindu frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum. Í frumvarpinu er í 18. gr. kveðið á um að milliganga um ferðapjónustu, svo og sala í pakkaferðir sem innifela fólksflutninga, gistingu með morgunverði eða aðra þjónustu við ferðamenn er tekur til verulegs hluta hinnar samsettu sölu, enda sé hún boðin á heildarverði, sé skattskyld með 14% skatthlutfalli. Bflaleiga og sala veitingahúsa, möru-neyta og annarra hliðstæðra aðila á öðrum tilreiddum mat en morgunverði skal hins vegar skattskyld með 24,5% skatti þrátt fyrir það að hún sé innifalin í heildarverði fyrirfram samsettrar sölu.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að breyting þessi sé sett til að einfalda skattlagningu á ferðapjónustu. Þar segir m.a.: "Mælt er fyrir um að sérreglur gildi um samsetta sölu ferðaskrifstofa, svonefndar "pakkaferðir". Almennar reglur núgildandi laga gera ráð fyrir að aðgreina þurfi slíka sölu á reikningi eftir mismunandi skatthlutföllum sölnunnar. Slík aðgreining er erfið vegna óvissunnar sem fylgir áhættu söluaðilans og ýtir einungis undir það að álagning vegna sölu í hærri þrepinu verði með lögsta móti og gagnstætt hvað varða sölu í lægra þrepinu. Með slíkri aðgreiningu væri auk þess verið að upplýsa um mikilvæg viðskiptaleyndarmál. Algengast er að samsett sala ferðaskrifstofa feli í sér fólksflutning, gistingu og morgunverð. Með þessari breytingu er verið að heimila ferðaskrifstofum að hafa slíka sölu alla í lægra skatthlutfallinu. Hins vegar er ekki talið verjandi að samsett sala sem innihaldi bflaleigu og/eða sölu veitingahúsa eða sambærilegra aðila á öðrum tilreiddum mat en morgunverði, verði í lægra skatthlutfallinu. Sé sala veitingahúsa eða bflaleiga, sem er í hærri skatthlutfallinu, hluti af samsettri sölu ferðaskrifstofa, fer um reikningsútgáfuna eftir almennum reglum virðisaukaskattslaga. Þannig yrði sala annað hvort aðgreind á reikningi eftir skatthlutfalli eða hún öll látn í skatthlutfall þeirrar sölu-einingar samsettrar sölu sem hefur hæsta skatthlutfallið hverju sinni. Uppfylli fyrirfram samsett sala ferðaskrifstofu skilyrði ákvæðisins og salan boðin á heildarverði, þá skal ekki gefa út reikninga sérstaklega fyrir ýmsa þætti hinnar samsettu sölu, heldur einungis einn reikning með heildarverði".

Í greinargerð þessari er réttilega bent á að verið sé að upplýsa um viðskiptaleyndarmál ef aðgreina þurfi reikninga eftir mismunandi skatthlutföllum sölnunnar. Samt sem áður er ferðaskrifstofum uppálagt að skipta reikningum sínum ef bflaleigubíll eða veitingar aðrar en morgunverður eru innifaldar í heildarverði "pakkans". Hér er í raun verið að viðurkenna það sjónarmið ferðaskrifstofa að svonefndar pakkaferðir séu ákveðin afurð, en þó er aðeins að hluta til komið til móts við þap í þessu frumvarpi.

Eins og áður hefur komið eru ferðaskrifstofur mjög tregar til þess að upplýsa um kostnaðarverð liða í pakkaferðum þar sem um viðskiptaleyndarmál er að ræða. Einnig getur verið vandamál að finna út kostnaðarverð þjónusta sem veitt er. Hægt er í því sambandi að hugsa sér fasta brottför í nokkurra daga ferð hjá ferðaskrifstofu. Í eina brottför fara 12 farþegar og í aðra 40. Allir farþegarnir greiða sama gjald fyrir ferðina. Í slíkum tilfellum er alls ekki hægt að segja til um það hver sé kostnaður á hvern farþega þar sem hann er mjög háður fjölda þeirra. Jafnvel þótt hægt væri að sundurliða kostnað á farþega í einhverjum afmörkuðum tilboðum er slíkt í langflestum tilfellum viðskiptaleyndarmál viðkomandi ferðaskrifstofa eins og komið hefur fram áður. Sölumenn viðkomandi ferðaskrifstofa vita jafnvel ekki hvernig kostnaður við pakka, sem þeir eru að selja, skiptist. Af því leiðir að forráðamenn ferðaskrifstofa hafa algerlega hafnað þessari hugmynd og fullyrða að hún verði aldrei framkvæmd af þeirra hálfu.

Í fyrrnefndri greinargerð kemur fram að ekki sé talið verjandi að samsett sala sem innihaldi bílaleigu og/eða sölu veitingahúsa eða sambærilegra aðila á öðrum tilreiddum mat en morgunverði, verði í lægra skatthlutfallinu. Í þessu sambandi viljum við benda á það ósamræmi sem hér birtist í framkvæmd 14. gr. laga um virðisaukaskatt. Í 1. tölulið eru fólksflutningar, að frátöldum leiguakstri gerðir skattskyldir með 14% skatthlutfalli. Þessum aðilum verður heimilað að draga allan innskatt í sínum rekstri frá þeim útskatti sem þeir innheimta. Í þessum tilfellum verður að telja fullvíst að nánast allur innskattur viðkomandi aðila sé vegna kostnaðarliða sem bera 24,5% skatt. Engu að síður er þessi þjónusta einungis skattskyld með 14% skatthlutfalli. Sama á við um útleigu hótél- og gistiherbergja og rekstur hitaveitna og rafveitna.

Með tilliti til þessara atriða er erfitt að finna rök fyrir því að ekki sé verjandi að heimila ferðaskrifstofum að selja allar pakkaferðir með 14% skatthlutfalli. Sú skýring hefur verið gefin að talin sé hætt á því að sala á þjónustu sem beri 24,5% virðisaukaskatt flytjist til ferðaskrifstofa þannig að búinir verði til "pakkar" í kringum viðskipti sem í raun eru það ekki. Við viljum benda á að mjög auðvelt er að koma í veg fyrir slíka misnotkun með því að skilgreina í lögnum eða reglugerð hvaða skilyrði svonefndir pakkar þurfi að uppfylla til þess að mega teljast til sölu sem beri 14% skatt. Hafa verður í huga að hér er eingöngu verið að fjalla um sölu ferðaskrifstofa á eigin ferðum. Ekki er hér átt við þau tilvik þegar ferðaskrifstofur selja þjónustu fyrir aðra aðila gegn umboðslaunum. Í þeim tilfellum gilda allt aðrar reglur sem allir aðilar eru sammála um.

Við viljum leggja áherslu á að þegar ferðaskrifstofur eru að selja svonefndar pakkaferðir eru þær að framleiða afurðir, sem eru ferðir um landið. Með tilliti til þess sem að framan hefur verið rakið teljum við nauðsynlegt að þær verði skattskyldar með 14% skatthlutfalli. Ekki á að skipta máli hvaða aðföng eru notuð við að framleiða þá afurð sem verið er að selja, enda er í flestum tilfellum nánast ómögulegt að sundurliða þann kostnað sem um er að ræða. Við vitum ekki dæmi þess að fyrirtækjum hafi verið gert að skipta upp reikningum sínum eftir því hvornig kostnaðarverð afurða skiptist á skattflokka og við sjáum engin fyrirmæli í lögnum sem kveða á um slíkt. Annað hvort hafa viðkomandi afurðir eða þjónusta verið skattskyld með 0% eða 24,5% skatti án tillits til kostnaðar.

Hér að framan hefur verið bent á það atriði sem fyrst og fremst er talið að muni valda erfíðleikum við upptöku virðisaukaskatts á ferðapjónustu. Þær lausnir sem bent hefur verið á eru eftirfarandi:

1. Heimila ferðaskrifstofum að selja allar pakkaferðir, sem uppfylla ákveðin skilyrði, með 14% skatti. Setja þarf reglur um það hvað pakkar þurfi að innifela til þess að uppfylla skilyrðin. Þriðji töluliður 18. gr. fyrrgreinds frumvarps gæti þá hljóðað þannig: "Milliganga um ferðapjónustu, svo og fyrirfram samsett sala sem boðin er á heildarverði. Með fyrirfram samsettri sölu er átt við þjónustu sem tekur til amk. tveggja þátta og nær yfir útmabil sem nemur amk. einum sólarhring. Uppfylli salan ekki þessi skilyrði skal hún teljast umboðssala og skatleggjast samkvæmt þeim reglum sem um slík viðskipti gilda".

Í þessu sambandi má benda á að lagt hefur verið fram frumvarp til laga um alferðir þar sem slíkir pakkar eru staðfestir sem framleiðsla ferðaskrifstofa og nákvæm skilgreining er þar á því hvaða skilyrði þjónusta ferðaskrifstofa þarf að uppfylla til þess að hún teljist pakki.

2. Það vandamál sem við ferðaskrifstofum blasir er fyrst og fremst til komið vegna þess að veitingasala er nánast eini liðurinn í aðföngum þeirra sem ber 24,5% skatt. Hluti bílaleigubíla í samsettum pökkum er í flestum tilfellum mjög lítil. Ef veitingasala yrði flutt í 14% skatthlutfall myndi það leysa í eitt skipu fyrir öll flest vandamál sem að ofan hafa verið rakin.

Það er von okkar að greinargerð þessi hafi upplýst um þau atriði sem forráðamenn ferðaskrifstofa hafa við fyrrgreint frumvarp að athuga. Rétt þykir að taka fram að þeir fulltrúar Ríkisskattsjóráembættisins sem rætt hefur verið við vegna þessara mála hafa lýst sig sammála þeim annmörkum sem við höfum bent á og telja mikla þörf á því að lagfæra það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi. Ósk okkar er að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem fram koma í greinargerðinni, þannig að frumvarpinu verði breytt til samræmis við fyrrgreindar tillögur.

Ef það framvarp sem nú hefur verið lagt fram verður samþykkt óbreytt er hætt á að ekki verði farið eftir þeim ákvæðum, sem kveðið er á um, þar sem slíkt verði talið stofna viðskiptum ferðaskrifstofa í hættu að mati forráðamanna þeirra og mikil hætt er á því að viðskipti ferðaskrifstofa flytjist úr landi til erlendra ferðaskrifstofa sem búa við hagstæðari markaðsaðstæður. Telja verður að lagasetning sem ekki fær staðist í framkvæmd af viðskiptalegum ástæðum sé mjög vafasöm.

Að lokum viljum við enn á ný árétt þá skoðun okkar að upptaka 14% virðisaukaskatts á alla ferðapjónustu í landinu, á sama tíma og samkeppni um ferðamenn milli landa hefur aldrei verið meiri, leiði til þess að ferðum útlendinga um landið fækki verulega þar sem þessar ferðir verða þá ósamkeppnishæfar í verði.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra ferðaskrifstofa,

Karl Sigurhjartarson framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal XIV.**Umsögn Félags ferðaþjónustubænda.
(Desember 1993.)**

Félag ferðaþjónustubænda (FFB) hefur áhyggjur af því að álagning VSK á ferðaþjónustu, eins og gert er ráð fyrir frá 1. janúar nk., muni skapa óeiningu í ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Ýmis atriði þessarar lagasetningar gætu verið mistúlkuð og skaðað rekstrarumhverfi greinarinnar, söluférellinn gæti þyngst og aukið mismunun rekstraraðila. Markaðsöflun erlendis stendur og fellur með gæðum þjónustunnar héraðs — hjá öllum rekstraraðilum. Með væntanlegri lagasetningu um VSK á ferðaþjónustu munu sumir rekstraraðilar hafa fjárhagslegan ávinning af því að skilgreina sig fyrir utan ferðaþjónustuna. Þessir aðilar eru þá eftirlitslausir og ógna gæðamiynd greinarinnar.

Álagning VSK veikir rekstrargrundvöll greinarinnar almennt og er ósanngjörn gagnvart þeim aðilum sem fjárfestu í gistiáðstöðu síðustu árin. Þeir verða að þola tvísköttun næstu árin á meðan þeir greiða niður sína fjárfestingu.

Veruleg hætta er á því að álagning VSK á afþreyingu eins og báts- og hestaferðir og aðra svipaða starfsemi muni draga úr tilraunastarfsemi og einstaklingsframtaki á þessu sviði. Slíka starfsemi á að örva í dag en ekki kæfa.

FFB telur sig hafa komið á bændingum á framfæri við réttan aðila, sem í þessu tilfalli er Ferðamálaráð Islands, tengilið greinarinnar við yfirvöld.

FFB lagði eftirfarandi punkta (skáletraðan texta) fyrir fyrsta fund nýskipaðs Ferðamálaráðs í október. Flest lykilatriði eru enn óleyst og verða að mati undirritaðs ekki leyst nema í samvinnu við aðila í greininni sem hafa viðeigandi sérþekkingu.

Fundur FMR 4. október 1993.

Atriði sem þarf að kanna og skýra fyrir áramót:

1. *Fyrirhugaðar breytingar á lögum sem snerta ferðamál (m.a. vegna EES).*
2. *Framkvæmd skattlagningar (VSK) á milligöngu um ferðaþjónustu.*
3. *Framkvæmd skattlagningar (VSK og fasteignagjöld) á útleigu á sumarþústöðum og herbergjum sem er að hluta til VSK-skyld.*

Paul Richardson, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda.

Atriði sem enn eru óleyst 8. desember 1993.

Það má túlka leigu á sumarþústöðum, herbergjum, íbúðum og öðru húsnæði til lengri tíma en fjögurra vikna sem leigu á húsnæði og þar af leiðandi ekki virðisaukaskattskylda. Viðkomandi húsnæði getur þó verið notað til ferðaþjónustureksturs.

Þetta atriði um túlkun á því hvenær greiðsla fyrir afnot af húsnæði telst virðisaukaskattskyld snertir marga aðila og á ýmsan hátt. Hér eru nokkur dæmi:

- a. Á Íslandi eru 1.374 sumarþústaðir í eigu lögaðila. Þessir þústaðir eru að einhverju leyti til leigu á opnum markaði. Ef þessir þústaðir eru að meðaltali 4 millj. kr. virði er heildareignin um 5,5 milljarðar kr. til leigu að hluta til á opnum markaði en e.t.v. fyrir utan VSK-kerfið. Heildargistirýmið er áætlað 6.870 á nótt. Til samanburðar er gistirýmið hjá Ferðaþjónustu bænda um 2.000 rúm á nótt og hjá hótélum í Reykjavík um 2.130 rúm á nótt. Til viðbótar eiga lögaðilar íbúðir sem gætu farið inn á ferðaþjónustumarkaðinn.

- b. Fyrir utan þessa sumarbústaði í eigu lögaðila eru sumarbústaðir og íbúðir í eigu einstaklinga sem gætu farið inn á ferðaþjónustumarkaðinn að einhverju leyti. Erlend ferðaskrifstofa hefur auglýst eftir sumarbústöðum til leigu á Íslandi í sumar með það fyrir augum að endurleigja til Þjóðverja í vikuleigu árið 1994.
- c. Gisting á einkaheimilum og á gistiheimilum hefur aukist undanfarin ár í þéttbýli og áætla má að sú gisting sé að einhverju leyti fyrir utan kerfið. Þetta húsnæði er að hluta til leigt út yfir veturinn til námsmanna til lengri tíma. Þetta þýðir að viðkomandi rekstur er að hluta til VSK-skyldur og að hluta til undanþeginn VSK. Skýr skilgreining á slíkum rekstri verður að liggja fyrir.

Hættur.

1. Gistisala gæti farið fram að verulegu leyti fyrir utan VSK-kerfið í samkeppni við þjónustu sem ber VSK.
2. Ef lögin leyfa sumum að veita þjónustu án þess að skila VSK verður meiri tilhneiging til undanskots hjá þeim sem annars hefðu sætt sig við skattlagninguna.
3. Þeir aðilar, sem eru með gistisölu skilgreinda sem „fasteingnaleigu“, þurfa ekki að uppfylla kröfur reglugerðar nr. 288/1987 frá samgönguráðuneytinu. Þeir verða eftirlitslausir á markaðnum sem stefnir gæðaímynd ferðaþjónustunnar í hættu.
4. Þeir sem hafa sína aðstöðu skilgreinda sem „fasteingnaleigu“ og greiða ekki VSK greiða ekki heldur eftirlitsgjöld til heilbrigðisfulltrúa. Þessi gjöld eru í eðli sínu skattur vegna þess að þau verða innheimt árlega án tillits til þess hvort úttekt fer fram eða ekki. Þetta mun skapa óánægju og aukna tilhneigingu til undanskots hjá þeim sem borga þessi gjöld.
5. Þau félög, sem leigja gistiaðstöðu til sinna félagsmanna, gera það e.t.v. ekki í hagnaðarskyni. Þessi félög leigja líka á opnum markaði í verulegum mæli í samkeppni við aðila sem borga VSK, eftirlitsgjöld og leyfisgjöld. Hættan er sú að þessi þáttur verður ekki nægilega vel skilgreindur.
6. Gistisala getur farið í vaxandi mæli fram hjá VSK í gegnum erlenda aðila. Ef erlendir aðili leigir gistihúsnæði í fjórar vikur getur hann endurleigt það í styttri tíma erlendis. Allir aðilar, sem hafa skilgreint sína þjónustu sem „fasteingnaleigu“, hagnast á því að sniðganga innlenda söluaðila.
7. Með tilkomu EES eykst hættan á því að viðskipti í ferðaþjónustu færast yfir til erlendra aðila. Það er ósanngjarnt að láta galla í íslenskum lögum ýta undir þessa hættu.
8. Sala á afþreyingu með gistingu og fæði, t.d. laxveiði, verður ekki VSK-skyld samkvæmt túlkun ríkisskattstjóraembættisins. Hér er hætta á því að rekstraraðilar velji þann kost sem ber ekki VSK, svo sem að selja veiðileyfi með gistingu og fæði inniföldu. Auk þess er sala á afþreyingu með gistingu og fæði skilgreind sem „alferð“ samkvæmt frumvarpi til laga um alferðir sem flækir málið enn.

Annað óleyst.

Það á eftir að skilgreina alferð (pakkiferð). Þessi skilgreining þarf að vera í samræmi við ábendingar EES. Skilgreininguna, sem er í frumvarpi til laga um alferðir, þarf að staðfæra betur að mínu mati. Kröfu um sundurliðun á reikningum fyrir alferðir þarf að endurskoða.

Þessi greinargerð fjallar um hluta þeirra mála sem þurfa meiri úrvinnslu áður en lög taka gildi. Hér hefur t.d. ekki verið fjallað um flutningaþáttinn.

Lokaorð.

Ég tel að undirbúningsvinna við þessa lagasetningu hafi ekki verið nægilega vel unnin. Aðallega er við ferðaþjónustuaðila sjálfa að sakast í þessu sambandi. Þeir hafa greinilaga ekki komið sínum málstað nógu vel á framfæri. En þrátt fyrir það er engin ástæða til þess að samþykkja lög sem gætu m.a. skapað aukinn glundroða í greininni.

Virðingarfyllst,

Paul Richardson, framkvæmdastjóri
Félags ferðaþjónustubænda.

Fylgiskjal XV.

Bréf Íþróttasambands Íslands.
(8. desember 1993.)

Samkvæmt starfs- og kennsluskýrslum ÍSÍ fyrir árið 1992 flaug íþróttahreyfingin innan lands fyrir 70.845.176 kr. (sjötíu milljónir átta hundruð fjörutíu og fimm þúsund eitt hundruð sjötíu og sex krónur). Þessi tala verður síst lægri á árinu 1993.

Álagning 14% virðisaukaskatts á innanlandsflug mun á árinu 1994 hafa í för með sér 10–15 millj. kr. kostnaðarauka fyrir íþróttahreyfinguna.

Íþróttasamband Íslands vill með bréfi mótmæla þessari skattlagningu sem mun koma afar illa niður á íþróttahreyfingunni, einkum og sér í lagi á landsbyggðinni.

Virðingarfyllst,
Íþróttasamband Íslands,

Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ.

Fylgiskjal XVI.**Umsögn Trausta, félags sendibifreiðastjóra.**

(7. desember 1993.)

33. gr.

Við mótmælum hækkun tryggingagjalds úr 6% í 6,35%.

34. gr.

Við mótmælum hækkun úr 0,15% í 0,5%.

39. gr.

Við mótmælum hækkun á bifreiðagjaldi harðlega og teljum að skatta eigi aldrei að setja á eignir sem eru ekki í tengslum við tekjur. Síðan teljum við að allar skattgreiðslur ættu að falla niður þegar númer eru lögð inn hjá Bifreiðaskoðun Íslands til geymslu og þar með talið bifreiðagjald (kílóagjöld).

43. gr.

Við mótmælum hækkun á vörugjaldi á bensín úr 90% í 97% og einnig áætlaðri hækkun á þungaskatti um allt að 5% umfram það sem fyrirhugað var.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar,

Guðlaugur B. Gíslason.

Fylgiskjal XVII.

Samþykkt stjórnar Samtaka landflutningamanna.
(16. nóvember 1993.)

Stjórnin mótmælir hardlega fram komnum hugmyndum stjórnvalda um stórhækkun á bifreiðagjöldum.

Sífelldar hækkanir á skattlagningu bifreiða er ósanngjarnar, tilfelnislausar og leiða til óhagkvæmni.

Stjórnvöld hafa undanfarin ár hækkað bifreiðagjöld og pungaskatt margfalt umfram verðlagsbreytingar, þessi atvinnurekstur hefur því orðið fyrir sífellt hækkanði skattlagningu.

Á sama tíma hefur orðið samdráttur og sífellt hardnandi samkeppni í rekstri bifreiða í atvinnuskini. Þessi atvinnugrein þolir ekki sífelldar hækkanir.

Því hefur heyrst fleygt í umræðunni að áhrif þessara hækkana verði minni vegna niðurfellingar slysatryggingarökumanna. Þá gleymist að það gjald á að greiðast eftir sem áður, aðeins nú til tryggingafélaganna sem hafa tekið þennan þátt að sér.

Sem stefnumörkun stjórnvalda er þessi ráðstöfun einnig óskiljanleg, er það virkilega vilji stjórnvalda að grafa sérstaklega undan flutningum fólks og vöru á landi, eða hækka þá þjónustu sérstaklega.

Er það e.t.v. trú stjórnvalda að fólk utan Reykjavíkur svæðisins sé færara um að taka á sig aukinn kostnað við aðföng sín ?
Við fullyrðum að svo er ekki.

Fyrir hönd þeirra sem veita þjónustu með rekstri bifreiða og eins hinna sem njóta þjónustunnar ítrekum við mótmæli okkar gegn stórhækkunum bifreiðagjöldum.

Samþykkt á stjórnarfundum 16.11 '93

Í samtökum Landflutningamanna eru eftirtalin félög:

Félag Vinnuvélaeigenda
Bandalag íslenskra Leigubifreiðastjóra (BÍLS)
Félag Hópfurðaleyfishafa
Félag Sérleyfishafa
Landsamband vörubifreiðastjóra
Landvari landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleidum
Trausti félag sendibifreiðastjóra
Ökukennarafélag Íslands

Þ.e. öll félög og hagsmunasamtök þeirra sem gera út bifreiðar í atvinnuskini.

Fylgiskjal XVIII.**Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda.**

(1. desember 1993.)

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um skattamál, 251. mál. Stjórn FÍB vill koma fáeinum athugasemdum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Bifreiðagjald

Stjórn FÍB mótmælir sérstaklega IV. kafla frumvarpsins. Enn er fyrirhugað að hækka bifreiðagjaldið þann vonda og ósanngjarna eignaskatt. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að áætlað er að hækkun bifreiðagjaldsins skili 450 m.kr. viðbótartekjum í ríkissjóð. Bifreiðagjaldið af léttum fjölskyldubíl er nú um 8.500 kr. en hækkar í rúmlega 11 000 kr. og bifreiðagjaldið af algengum jeppa hækkar úr rúmum 20.000 kr. í tæplega 30.000 kr.

Bifreiðagjaldið var fyrst lagt á bifreiðaeigendur með bráðabirgðalögum árið 1987. Upphaflegur tilgangur var að afla tímabundinna tekna í ríkissjóð til að "stoppa upp í fjárlagagat". Árangurinn hefur látið á sér standa, því bifreiðagjaldið hækkar og fjárlagagatið stækkar!

Bifreiðagjaldið er eignaskattur lagður á miðað við þyngd bifreiða í kílóum, án tillits til verðmætis eða vélarstærðar. Skatturinn kemur harðast niður á þeim sem eiga gamla, þunga og verðlitla bíla. Hvaða sanngimi er í því að borga sama eignaskatt af 20 ára gömlum Land Rover og nýjum fimm milljón króna lúxus jeppa? Álagning eignaskatts, sem hefur ekkert með verðmæti að gera gengur þvert á siðferðisvitund samfélagsins.

Óheimilt er að fella bifreiðagjaldið niður þegar bifreið er tekin af skrá og er ekki í notkun, líkt og gildir um iðgjöld bifreiðatrygginga. Þetta kemur eðlilega illa út gagnvart þeim sem eiga sérútbúna ferðabíla sem einungis eru notaðir í einn til tvo mánuði á ári. Ef búið er að greiða bifreiðagjaldið af bifreið sem eyðileggst, þá er innheimtumönnum ríkissjóðs óheimilt að endurgreiða gjaldið eða færa greidd gjöld yfir á aðra bifreið. Sú breyting sem lögð er til í 40. gr. frumvarpsins er jákvæð og gæti með rétttri framkvæmd dregið lítilega úr ranglæti bifreiðagjaldsins.

Í athugasemdunum frumvarpsins er talað um að niðurfelling slysatryggingagjalds vegna ökutækja hjá Tryggingastofnun, sem nú er 2.400 kr., komi á móti hækkun bifreiðagjaldsins. Þessi framsetning á niðurfellingu ökumannstryggingarinnar er furðuleg. Samkvæmt lögum nr. 104 frá 28. desember 1992 á tryggingin að falla niður 1. janúar n.k.. Á þessu ári var iðgjald ökumannstryggingarinnar nærri tvöfaldað. Ríkisstjómin réttlætti hækkunina og sagði greiðsluna fara í sjóð til að mæta skuldbindingum Tryggingastofnunar, sem stæðu eftir, þegar ökumannstryggingin yrði lögð af. Þessi breyting kemur til með að hafa áhrif á iðgjöld

slysatriggingar ökumanns hjá bifreiðatryggingarfélagunum þar sem bætur Tryggingastofnunar vegna slasaðra ökumanna hafa hingað til verið dregnar frá við bótauppgjör tryggingarfélaganna. Á þessu ári eru bótagreiðslur vegna slysatriggingarinnar hjá Tryggingastofnun áætlaðar um 100 m.kr.. Þetta breytir fullyrðingum í frumvarpinu um að hækkun bifreiðagjaldsins hafi hverfandi áhrif á vísitölu og verðlag.

Vegasjóður

Í athugasemdum frumvarpsins þar sem fjallað er um vörugjald af bensíni er boðuð hækkun á mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, um allt að 5%. Tekjumar af þessari hækkun eru sagðar eiga renna til vegaframkvæmda. Vegir eru einu samgöngumannvirkin sem alfarið eru greidd af notendum þ.e. bifreiðaeigendum. Vegasjóður hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum, sem eru bensíngjald og þungaskattur. Á síðustu árum hafa hundruð m.kr. verið færðar úr vegasjóði til alls óskyldra verkefna. Í samræmi við reynsluna af misnotkun stjórnvalda á lögbundnum sjóðum til vegagerðar þá ekki hægt að réttlæta hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags íslenskra bifreiðaeigenda,

Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fskj.

Kostnaður bifreiðaeigenda af bifreiðagjaldi frá 1988.

Kostnaður bifreiðaeigenda vegna bifreiðagjaldsins frá 1988 til dagsins í dag. Fram til 1990 var innheimt fast gjald fyrir hvert kílógram (kr/kg) af bifreiðum allt að 2500 kg og af bifreiðum þyngri en 2500 kg var borgað fast hámarksgjald. Frá 1990 hafa mörkin verið miðuð við bifreiðar þyngri eða léttari en 1000 kg. Fyrir hvert kg umfram 1000 kg hefur verið borgað álag, sbr. aukagjaldið í töflunni.

	f. hl.	s. hl.	kr/kg/ári
1988 kr/kg			
Léttari bílar 0-2500kg	2,00	2,15	4,15
Þyngri bílar > 2500kg	5.000,00	5.375,00	
Lágmarks gjald	1.000,00	1.000,00	
Hámarks gjald	5.000,00	5.375,00	
1989			
Léttari bílar 0-2500kg	2,50	2,83	5,33
Þyngri bílar > 2500kg	6.250,00	7.086,00	
Lágmarks gjald			
Hámarks gjald			
1990			
Léttari bílar 0-1000kg	3,40	3,91	7,31
Auka gj. umfr. 1000kg	1,70	1,96	3,66
Lágmarks gjald	1.700,00	2.000,00	
Hámarks gjald	10.000,00	11.500,00	
1991			
Léttari bílar 0-1000kg	4,00	4,22	8,22
Auka gj. umfr. 1000kg	2,00	2,11	4,11
Lágmarks gjald	2.045,00	2.155,00	
Hámarks gjald	11.757,00	12.392,00	
1992			
Léttari bílar 0-1000kg	4,31	4,33	8,64
Auka gj. umfr. 1000kg	2,15	2,17	4,32
Lágmarks gjald	2.201,00	2.214,00	
Hámarks gjald	12.655,00	12.729,00	
1993			
Léttari bílar 0-1000kg	4,35	4,35	8,70
Auka gj. umfr. 1000kg	2,18	2,18	4,36
Lágmarks gjald	2.222,00	2.222,00	
Hámarks gjald	12.776,00	12.776,00	
1994			
Léttari bílar		5,62	11,24
Gjald umfr. 1000kg		3,65	7,30
Lágmarks g			
Hámarks gj			

Fyrir árið sem er að liða 1993 er bifreiðagjaldið fyrir bifreiðar upp að 1000 kg., 8.70 kr/kg. Sé bifreið þyngri er greitt 50% álag, eða 4.36 kr. fyrir hvert kílógram bifreiðar sem er umfram 1000 kg.. Fyrirhugað er að gjaldið hækki á næsta ári í 11,24 kr/kg og af bifreiðum upp að 1000 kg. Álagið á einnig að hækka og fara í 65%, eða 7.30 kr. fyrir hvert kílógram bifreiðar sem er umfram 1000kg.